# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 385. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 14. nóvember 2024 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar** **kl. 16:00**.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1) Fundargerð 5. fundar rekstrarnefndar Klifs, dags. 1. október 2024.
2) Fundargerð 147. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 7. október 2024.
3) Fundargerð 19. fundar öldungaráðs, dags. 19. október 2024.
4) Fundargerð 103. fundar íþrótta- og æskulýðsnefndar, dags. 2. október 2024.
5) Fundargerð 226. fundar menningarnefndar, dags. 15. október 2024.
6) Fundargerð 187. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. september 2024.
7) Fundargerð 25. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 1. október 2024.
8) Fundargerð ársfundar fulltrúaráðs Svæðisgarðsins Snæfellsness, dags. 12. október 2024.
9) Fundargerð 192. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 21. október 2024.
10) Fundargerð 226. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 9. september 2024.
11) Fundargerð 952., 953. og 954.. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. september, 25. október og 4. nóvember 2024.
12) Fundargerð 466. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 23. október 2024.
13) Fundargerðir 82. og 83. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 22. október og 29. október 2024.
14) Fundargerð aðalfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 9. október 2024.
15) Bréf frá Hollvinasamtökum Pakkhússins, ódags., varðandi ósk um fund með bæjarstjórn.
16) Bréf frá Hraðfrystihúsi Hellissands, dags. 14. október 2024, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að Gunnari Bjarnayni SH-122, skrn 2462.
17) Bréf frá Viktoríu Kr Guðbjartsdóttur, dags. 10. október 2024, varðandi úrsögn úr hafnarstjórn.
18) Bréf frá Félagi eldri borgara, dags. 2. október 2024, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klifi þann 17. nóvember n.k. vegna jólabasars eldri borgara.
19) Bréf frá safnaðarnefn Ingjaldshólssóknar, dags. 27. október 2024, varðandi ástand vegarins upp að Ingjaldshólskirkju.
20) Bréf frá Atla Má Ingólfssyni, dags. 29. október 2024, varðandi landskipti á Dagverðará.
21) Bréf frá Stígamótum, dags. 30. október 2024, varðandi ósk um fjárstuðning á árinu 2025.
22) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 31. október 2024, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Ingibjargar Norberg um leyfi til að reka gististað í flokki II, frístundahús að Jaðri 16 á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
23) Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Snæfellsbæ. Seinni umræða.
24) Samningur Orkusölunnar og Snæfellsbæjar um rafmagn til fjarvarmaveitna.
25) Samningur um samstarf á sviði endurhæfingar á milli Tryggingastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga, Virk-starfsendurhæfingar ses., Vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðva.
26) Bréf frá SSV, dags. 23. október 2024, varðandi mönnun HVE.
27) Ályktun frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 23. október 2024, varðandi vörsluskyldu búfjár.
28) Bókun frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 25. október 2024, varðandi mögulegan loðnubrest.
29) Bréf frá EBÍ, dags. 25. október 2024, varðandi ágóðahlutagreiðslu sveitarfélaga.
30) Bréf frá Óbyggðanefnd, dags. 10. október 2024, varðandi þjóðlendumál: eyjar og sker.
31) Bréf frá Sorpurðun Vesturlands, dags. 29. október 2024, varðandi lokun fyrir móttöku rúmdýna.
32) Bréf frá SSV, dags. 17. október 2024, varðandi Sóknaráætlun Vesturlands.
33) Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025. Fyrri umræða.
34) Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2026-2028. Fyrri umræða.
35) Minnispunktar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 12. nóvember 2024**
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

5.fundur Rekstrarnefndar Klifs haldinn í Klifi

þriðjudaginn 1. október 2024 kl. 13:00

Á fundinn mættu:

Baldvin Leifur Ívarsson, Guðrún Þórðardóttir, Jenný Guðmundsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir.

1. Fórum yfir það sem búið var að gerast síðan síðast.
   - ✓ Búið að laga þakið og kantinn
   - ✓ Koma sturtunni í lag í búningsklefa

2. Nefndarmenn voru ánægðir þegar Guðrún tilkynnti þeim að ekkert hefði lekið síðan að þakið hefði verið lagað og ætlar Leifur að fara í það að mála loftið á kvennaklósettinu.

3. Heimsókn
   Guðrún sagði að hún ætti von á bæjarstórninni í vettvangsskoðun í nk föstudag.

4. Gluggar
   Leifur sagði að það væri búið að fá smið til að mæla fyrir gluggum og það væri næsta verkefni að skipta um þá.

5. Annað
   Eftir skoðun um húsið var nefndin sammála um að það þyrfti að pússa og mála útihurðir og skipta um útihurð í bláasalnum. Einnig þarf að laga innganginn í bláasalinn utan frá.
   Jenný nefndi það að að þakkanturinn á Klifi hefði alltaf verið rauður og hún vildi sjá hann þannig áfram.

Fleira ekki gert fundi slitið 13:55

Sigrún Ólafsdóttir

147. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn mánudaginn 07.10. 2024, kl. 18.00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Tinna Ýr Gunnarsdóttir,
Michael Gluszuk,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 13.05. 2024, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 146. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.

2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 461 dags. 16.02., nr. 462 dags. 22.03., nr. 463 dags. 07.05., nr. 464 dags. 15.08. og nr. 465 dags. 09.09. 2024. Lagt fram til kynningar.

3. Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 08.07. 2024, varðandi samþykkt stofnunarinnar á viðbragðsáætlunum Hafna Snæfellsbæjar fyrir árið 2024. Lagt fram til kynningar.

4. Bréf frá Hafnasambandi Íslands dags. 12.09. 2024, varðandi boðun á hafnasambandsþing sem haldið verður á Akureyri dagana 24. – 25.10. 2024. Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu um fulltrúa á þingið.

   Aðalmenn: Kristinn Jónasson bæjarstjóri
   Björn Arnaldsson hafnarstjóri
   Jón Bjarki Jónatansson formaður hafnarstjórnar

   Varamenn: Heiðar Magnússon
   Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir
   Tinna Ýr Gunnarsdóttir

   Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Dýpkun við Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík. Hafnarstjóri kynnti teikningu af fyrirhuguðu dýpkunarsvæði og drög að samningi við Flakkarann ehf. Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina og felur hafnarstjóra að ganga frá samningi við Flakkarann ehf. í samræmi við fyrirliggjandi drög.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.15

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Michael Gluszuk,
Tinna Ýr Gunnarsdóttir,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

**Öldungaráð Snæfellsbæjar**

**Fundargerð 19. fundar sem haldin var í Höllinni húsi eldri borgara í Snæfellsbæ miðvikudaginn 19. október 2024 kl 11.00**

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Margrét Vigfúsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

Einning mætti Ingveldur Eyþórsdóttir forstöðukona Félags og skólaþjónustu Snæfellsness en hún er nýráðin í það starf og var henni óskað heilla af Öldungaráðinu. Þá var á fundinum Brynja Mjöll Ólafsdóttir sem er starfsmaður félagsþjónustunar.

Mál 1: „Gott að eldast". Ólafur formaður gaf Ingveldi orðið um þetta verkefni sem er farið af stað á vegum Sveitarfélaga á Vesturlandi þe SSV. Verkefnið snýr að því að gefa fólki kleyft að dveljast sem lengst á heimilum sínum og fá stuðning frá stofnunum sem um málið fjalla. Þá er átt ma við heilsugæslu, félagsmál, sjúkraþjálfun og gott aðgengi að læknum.

Byrjað er á þessu verkefni í Borgarnesi en lengst er það komið á Akranesi. Gert er ráð fyrir þriggja ára verkefni og brýnt að er að fá það inn á fleiri stöðum á svæðinu og nauðsynlegt koma því í gang sem first. Öll þessi kerfi sem um var rætt þurfa að vinna saman til að sem bestur árangur náist.

Það kom fram hjá Ingveldi að hún sé bjartsýn að þetta verkefni muni ganga vel og það verði „gott að eldest".

Fundarmenn ræddu um verkefnið sem framundar er og ýmsar hliðar því tengt og vilja taka undir bjartsýni Ingveldar.

Fundargerð ritaði

Pétur Steinar Jóhannsson

# Íþrótta- og Æskulýðsnefnd

*103. fundur - 02. október 2024 kl.18:45 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar*

Fundarmenn: Margrét Eva Einarsdóttir

Margrét Vilhjálmsdóttir

Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn.

1. Líkamsræktartæki
   Áframhaldandi umræður um líkamsræktartæki utandyra. Tilboð fékkst frá tveimur aðilum og leist nefndinni best á tilboð v/ þrekstöð frá Krumma. Um er að ræða þrekbekk þar sem æfingar eru á bekknum og myndi henta öllum aldirshópum en sérstaklega eldri borgurum. Við ræddum við Sigrúnu forstöðumann Dvalarheimilins Jaðar og spurðum hana álits ef slíkur bekkur myndi vera notaður og svaraði hún játandi, að þau gætu farið með einstaklingana á Jaðri í göngutúr að bekknum og tekið æfingar þar. Slíkur bekkur kostar 1.636.050 kr.-
2. Ungmennafélagið Víkingur/Reynir kom með fyrispurn v/ notkun á gervigrasvellinum og meiri nýtingu á honum akkt árið um kring. Vegna mikillra notkunar og aukna eftirspurn v/ æfinga og fleirri iðkenda þá myndum við vilja að bæjarstjórnin myndi taka það til umræðu að hafa hann opinn lengur um allt árið þar að segja að þjónusta hann leng t.d. mokstur o.fl. en ekki einungis frá apríl – október.
3. Rætt var Heilsuvikuna 2024 en gekk hún vel fyrir sig og var góð aðsókn í alla þá viðburði sem voru í boði og nú þegar í boði. Auglýst var dagskrána vel og alla viðburði bæði á Facebook og í bæjarblaðinu Jökli.

Annað: Boðaður var fundur inn á Workplace líkt og gera skal með góðum fyrirvara eða þann 20. September. Þeir sem ekki komast verða að láta sinn varamann vita. Einnig koma upp aðstæður með stuttum fyrirvara og sínum því skilning ef viðkomandi kemst ekki vegna óviðráðanlegra aðstæður.

Fundi slitið kl.20:00

**Menningarnefnd Snæfellsbæjar**

**226. fundur**

**15. októberr 2024 kl. 16:30 - 17:30**

**í Átthagastofu, Ólafsvík**

Nefndarmenn:

Formaður: Ingunn Ýr Angantýsdóttir
Ritari:Helga Jóhannsdóttir
Nefndarmaður:Kristín Arnfjörð
Nefndarmaður:Hafdís Rán Brynjarsdóttir
Nefndarmaður: Jóhannes Stefánsson

Starsmaður: Heimir Berg - upplýsinga og markaðsfulltrúi.

Fundagerð ritaði:
Ingunn Ýr

**Dagskrá**

1. **Hrekkjavaka 2024**

- Tökum höndum saman með Smiðjunni , sem ætla að búa til skraut fyrir viðburðinn og aðstoða við að skreyta Pakkhúsið.
- Kaffiveitingar. Fjáröflun fyrir 10 bekk sem mun sjá um kaffisölu.
- Föndurhorn. Tvö föndurverkefni verða í boði , allur efniviður á staðnum.
- Draugabingó á efri hæð. Krakkarnir leysa úr bingó spjaldinu og fá sælgæti í staðinn, skiptumst á að vera með eftirlit á efri hæð og útdeila namminu. Einnig frábær leið til að krakkarnir kynnist safninu á efri hæð hússins.
- Auglýsa - á miðlum og í Jökli.

2. **Jólatónleikar**

- 28 nóv.

- Ólafsvíkurkirkja
- Hljómsveitin LÓN, Sigríður Torlacious og Rakel. Barnakór snb mun einnig taka þátt í tónleikunum undir handleiðslu Veronicu og Nönnu.
- Auglýsa á miðlum og í Jökli
- Miðasala í ráðhúsi Snæfellsbæjar

3. **Jólaopnun fyrirtækja**

- 5 .des - fyrirtæki hafa ákveðið dagsetninguna.
- Menningarnefnd tekur þátt með því að bjóða uppá jólaglögg og bjóða smærri fyirtækjum og félagasamtökum að vera með aðstöðu líkt og síðustu ár.
- Kirkjukórinn með pakkhúsið 5 des. Væri gaman að útdeila glöggi á þeim tíma sem þau eru með viðburð í húsinu
- Bjóða smáfyrirtækjum og félagasamtökum að vera í Átthagastofu.
- Auglýsa á miðlum og í Jökli
- Miðasala í ráðhúsi
- Prenta hjá Steinprent miða.

Næsti fundur: mánudagur. 12 nóv

Fundi slitið.

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 187187. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 31. október 2024 og hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**
Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hildigunnur Haraldsdóttir, Eiríkur Böðvar Rúnarsson, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir og Smári Jónas Lúðvíksson.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Gunnþóra var á fundi

**Dagskrá:**

1. **Gíslabær_Umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi - 2410010**

Svava Björk Hjaltalín Jónsdóttir arkitekt óskar fyrir hönd S356 ehf. eftir því að gera óverulega breytingu á deiliskipulagi við Gíslabæ. Fyrirhugað er að færa endurbyggingarreit til vesturs fjær strandlínu til að vernda línuna og til að gera hönnun húsnæðisins heilsteyptari. Endurbyggingarreiturinn færist þá einnig 50 cm til suðurs. Ekki er óskað eftir auknu byggingarmagni.

*Umhverfis og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið, en landeigandi láti gera breytingu á deiliskipulagi sem verði auglýst í samræpmi við 41. gr. skipulagslaga*

*Jákvætt*

2. **Skólabraut 1 - Umsókn um breytingu á lóðarleigusamningi - 2410007**

Kristín Sigríður Garðarsdóttir óskar eftir því að lóð eignar hennar að Skólabraut 1 verði áfram tilgreind 1150 fm í fyrirhuguðum lóðarleigusamningi.

*Umhverfis og skipulagsnefnd hafnar erindinu og vill halda rúmgóðu athafnarsvæði vegna félagsheimilis.*

*Hafnað*

3. **Breyting deiliskipulags frístundabyggðar F-4 og F-5 á Arnarstapa - 2406010**

Lagðar eru fram umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma. Alls bárust 7 umsagnir. Einnig eru lagðar fram tillögur að svörum frá Snæfellsbæ og uppfærður uppdráttur eftir athugasemdir.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir tillögur að svörum og uppfærðan uppdrátt og felur tæknideild að senda svör inn á Skipulagsgátt og undirbúa lokafrágang í samræmi við 42. gr skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Samþykkt*

4. **DSK_Litla Tunga_Nýtt deiliskipulag - 2405021**

Lagðar eru fram umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma. Alls bárust 8 umsagnir. Einnig eru lagðar fram tillögur að svörum frá Snæfellsbæ.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir tillögur að svörum og uppfærðan uppdrátt og felur tæknideild að senda svör inn á Skipulagsgátt og undirbúa lokafrágang í samræmi við 42. gr skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Samþykkt*

**5. Klifbrekka 4 - Fyrirspurn vegna víkjandi byggðar í tengslum við breytingu skipulags í Dalbrekku - 2410012**

Björg Guðlaugsdóttir og Jóhannes Jóhannesson senda inn fyrirspurn fyrir hönd Ingibjargar ehf, eiganda Klifbrekku 4, þar sem óskað er eftir frekari upplýsingum um framtíðar skipulag og lýsingu þar sem gert er nánari grein fyrir notkun lands og tilhögun.

*Umhverfis og skipulagsnefnd bendir á að vinna við breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag er á frumstigi. Við áframhaldandi vinnu verður haft samráð við húseigendur á svæðinu. Ekki verða samþykktar breytingar á umræddum húsum fyrr en vinna við deiliskipulag er lokið.*

*Í vinnslu*

**6. Dagverðará_Uppskipting lands - 2404014**

Lagt er fram nýtt bréf frá Atla Má Ingólfssyni lögmanni vegna uppskiptingar Dagverðarár.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða uppskiptingu Dagverðarár með fyrirvara að uppfylltum skilyrðum reglugerðar um merki fasteigna nr. 160/2024 að austanverðu við svæði 1 og 2.*

*Jákvætt*

**7. Brúarholt 2 - Umsókn um leyfi til að byggja bílskúr - 2410006**

Aneta Kuczynska sækir um leyfi fyrir 27 fm viðbyggðum bílskúr við hús sitt að Brúarholti 2, Ólafsvík. Aneta sótti áður um 35 fm viðbyggðan bílskúr en erindinu var hafnað 3. júní 2024.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd hafnar erindinu m.t.t aukinnar umferðar um Brúarholt vegna fyrirhugaðrar einstefnu við leikskólann og umferðaöryggis við gatnamót Brúaholts og Grundarbrautar.*

*Hafnað*

Smári víkur af fundi

**8. Gilbakki 136568 - Umsókn um byggingarheimild fyri bíslagi - 2410004**

Lúðvík Ver Smárason sækir um leyfi fyrir opnu bíslagi við austlæga hlið húss hans að Gilbakka, Hellissandi til þess að fá meira skjól við bak inngang.

*Umhverfis og skipulagsnefnd telur að um óverulega breytingu á húsinu sé að ræða. Nefndin telur að fjarlægð hússins sé það mikil frá öðrum byggingum að fyrirhuguð stækkun hafi engin áhrif á nærliggjandi hús m.t.t skuggavarps eða ásýndar. Nefndin samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis að uppfyltum skilyrðum byggingarreglugerðar.*

*Samþykkt*

Smári kemur á fund

9. **Norðurtangi 6A - Umsókn um leyfi fyrir fjarskiptamastri og byggingu fyrir fjarskiptabúnað - 2410001**

Jón Grétar Magnússon hönnuður sækir fyrir hönd Mílu ehf um leyfi til að reisa fjarskiptamastur og byggingu fyrir fjarskiptabúnað og spenni við hlið masturs að Norðurtanga 6A, Ólafsvík.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir útgáfu byggingarleyfis að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.*

*Samþykkt*

10. **Ytri-Bugur 1 - Lnr. 235301 - Ósk um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð - 2410003**

Guðmundur Guðmundsson sækir um leyfi til að reisa 40 - 50 fm sumarhús á sumarhúsalóð sinni (L235301) á jörðinni Ytri-Bugur.

*Umrædd lóð var stofnuð sem sumarhúsalóð úr landi Ytri-bugar árið 2022 og með fullu samþykki þáverandi landeigenda. Þar sem að ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið telur Umhverfis og skipulagsnefnd nóg að setja málið í grenndarkynningu, óski lóðarhafi eftir því. auk fyrirliggjandi gagna þarf að liggja fyrir afstöðumynd af lóðinni. Nefndin felur tæknideild að ræða við lóðahafa.*

*Jákvætt*

11. **Hafnargata 16 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir 6 nýjum gistirýmum - 2410011**

Lúðvík Ver Smárason sækir fyrir hönd Kára Viðarssonar um byggingarleyfi fyrir sex nýjum gistirýmum í Frystiklefanum, Hafnargötu 16. Auk þess er sótt um leyfi fyrir útlitsbreytingu en settir verði nýjir gluggar á suðlæga og vestlæga hlið hússins.

*Umhverfis og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar s.s vinnslu séruppdrátta og brunahönnunar. Byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra falið að vinna málið áfram í samráði við húseiganda.*

*Í vinnslu*

12. **Sandholt 28 - Ósk um starfsleyfi - 2410009**

Gerða Arndal Kristjónsdóttir óskar eftir leyfi til að starfrækja snyrtistofu á íbúðasvæði, Sandholt 28 neðri hæð. Rýmið hefur sér inngang og sér baðherbergi, biðstofu, afgreiðslu og snyrtiherbergi. 3-4 bílastæði eru fyrir utan. Rýmið er aðskilið frá íbúðarhúsnæði.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti og felur tæknideild að grendarkynna málið fyrir Sandholti 26 og 30. Byggingarfulltrúi og slökkviliðsstjóri hefur farið yfir uppdrátt af innra skipulagi snyrtistofunnar og gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis .*

*Samþykkt*

13. **Ólafsbraut_Gönguþveranir yfir þjóðveg - 2410013**

Mögulegar staðsetningar gönguþverana yfir Ólafsbraut ræddar og hvar lýsing væri þörf.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd leggur til að fundin verði bráðbirgðalausn á þverun Ólafsbrautar við Smiðjuna. Jafnframt leggur nefndin til að tæknideild verði falið að hanna gönguleiðir meðfram og yfir Ólafsbrautina.*



M.H SK

*Í vinnslu*

**14. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2024 - 2401007**

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30.**

**25. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 1. október 2024 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Ævar Sveinsson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Valgerður Kristmannsdóttir, vagn Ingólfsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Matthías Páll Gunnarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð. Ragnar Már Ragnarsson var fjarverandi.

1) **Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:**
   a) Framkvæmdum við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík er lokið. Heildarkostnaður er um 450 milljónir.
   b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.
   c) Framkvæmdum við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík er að mestu lokið. Eftir er að setja upp annan löndunarkrana, stigaljós, 8 stk. fendera og ganga frá búnaði vegna vatnslagna.
   d) Drög að samkomulagi við verktaka liggur fyrir vegna dýpkunar við gafl Trébyggju við Norðurtanga í Ólafsvík – magn dýpkunarefnis er 770 $m^3$.
   e) Framkvæmdum við 145.0 m. sjóvörn á Barðastöðum í Staðarsveit er lokið.
   f) Verið er að vinna við 40.0 m. sjóvörn við Keflavíkurgötu á Hellissandi.
   g) Hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík er lokið. Einnig vinnu við botnrannsóknir en beðið er eftir niðurstöðum.
   h) Verið er að vinna við endurnýjun á öllum pollum á Suðurþili í Ólafsvík.
   i) Búið er að yfirfara allan lausan öryggisbúnað við Rifshöfn og mála það sem við á.
   j) Búið er að kaupa 2 stk. löndunarkrana fyrir Ólafsvíkurhöfn og Rifshöfn.
   k) Búið er að yfirfara og endurnýja tæknibúnað vegna vatnslagna á Trébryggjunni við Gilbakka í Ólafsvík.
   l) Búið er að yfirfara og stilla allar eftirlitsmyndavélar við Ólafsvíkurhöfn.

   **Björn er formaður stjórnar Jaðars fór yfir framkvæmdir vegna anddyris á Jaðri:**
   a) Framkvæmdir við nýtt anddyri eru hafnar
   b) Búið er að rífa núverandi anddyri – svalirnar verða sagaðar af í dag,
   c) Jarðvinna hefst í þessari viku þegar farið verður í að grafa fyrir sökklum.

2) **Leifur fór yfir framkvæmdir:**
   a) Dyttað að ýmsu á Jaðri.
   b) Flestir dagar í lok september fóru í að skipta um eldhúsinnréttingu í Engihlíð 18, 1hh..
   c) Leikskólarnir heimsóttir.
   d) Fundin staðsetning fyrir sorptunnur við fjölbýlin í Engihlíð og við Vallholt 19.
   e) Ýmislegt annað smávægilegt gert.
   f) Búið er að fara yfir það með tæknideildinni að það er kominn tími á meiriháttar utanhúss-viðgerðir í Engihlíð 20 og 22. Það þarf líka að fá málara til að mála gluggana í Engihlíð 18.

3) **Ævar fór yfir framkvæmdir:**
   a) Unnið við að keyra út sorptunnur og merkja þær gömlu upp á nýtt.
   b) Gengið frá garðsláttuvélum eftir sumarið.
   c) Lagaður leki við Gilbakka 4 á Arnarstapa.
   d) Löguð bílskúrshurð í Fossabrekku 21.
   e) Járnabundið og steypt við ERRÓ listaverkið í Ólafsvík.
   f) Gamla sorptunnukerfið á Arnarstapa og Hellnum var tekið niður. Farið með tunnurnar í Ólafsvík og þær þrifnar.
   g) Búið er að leggja allar lagnir í Letisundið og búið að loka skurðinum.

Vagn I
Matthías
VK

h) Lesið af vatnsmælum í fyrirtækjum.
i) Tekið til í Bakkavör og þar þrifið.
j) Lagað leiktæki á leikskólalóð á Hellissandi.
k) Gámur við Áhaldahús var tæmdur og honum skilað.
l) Umferðarskilti voru lagfærð.
m) Lóð við Holtabrún var löguð eftir uppgröft. Þar var lokið við að leggja vatn og skólp, brunnhani kominn upp og spindlar komnir á.
n) Ofnakerfið í Klifi var yfirfarið.
o) Og margt fleira.

4) **Matthías fór yfir neðangreinda punkta:**

***Sundlaug***

a) Varmaendurvinnsla var löguð í loftræstikerfi.
b) Sandur var endurnýjaður í tveimur sandsíum við sundlaugina.
c) Bætt var við öðrum varmaskipti við Robust dælur og við það nýtist betur vatnið fyrir varmadælurnar.
d) Verið er að grunna og mála sundlaugarhúsið að utan.
e) Járngrindur voru settar undir infrarauðu klefana.
f) Gert var við stigann að norðanverðu, steypt var neðsta þrepið og hann lagaður og gerir aðgengi fyrir viðbragðsaðila mun betra.

***Íþróttahús***

g) Salernin voru máluð.
h) Múrviðgerðir voru málaðar með grunn.
i) Flaggstangir lagaðar eftir sumarið.

***Annað***

j) Skipt var um tvo kastara á fótboltavellinum í Ólafsvík.

5) **Vagn fór yfir punkta vegna grunnskólamannvirkja.**

a) Á Hellissandi er búið að fara yfir slökkvitæki.
b) Brunaæfing var haldin um daginn og gekk hún vel, en kom í ljós að það vantar hljóðgjafa. Búið er að hafa samband við þjónustuaðila og verður þetta lagað í vetrarfríinu.
c) Farið var yfir stofu 21. Máluð og sólbekki sparslaðir og lagaðir. Nýtt sjónvarp sett upp.
d) Í Ólafsvík kom dúkari og lagði dúk í herbergið sem vatnstjónið var í ásamt stigapallinum. Dúkarinn var mjög góður og skoðaði hann önnur herbergi sem þörf er á að laga. Það þarf að panta hann með góðum fyrirvara.
e) Það er búið að vera vandamál með karlaklósettið í Ólafsvík, en búið er að finna lausn á því sem verið er að setja upp.

**Bæjarstjórn heimsótti grunnskólann í gær og þar var farið yfir nokkur atriði sem þarf að hafa í huga við gerð fjárhagsáætlunar 2025:**

a) Á Hellissandi þarf að lagfæra skólalóðina. Endurnýja þarf undirlag og leiktæki.
b) Á Hellissandi þarf að kjarnabora skólabygginguna fyrir öndun inn á þakkant. Það er skv. ábendingu frá málarameistara. Ragnar hefur kynnt sér málið.
c) Í gamla skólanum er múr undir þakkanti víða að brotna og verið að hrynja niður. Stór stykki eru laus og hættuleg. Það þarf að laga þetta sem allra fyrst.
d) Tröppur frá skólanum í Ólafsvík og upp á Engihlíð eru orðnar hættulegar og hef ég bent á að það þurfi að leggja áherslu á að laga þær.
e) Eldhús í Ólafsvík þarfnast endurnýjunar.
f) Mála þarf þak skólans í Ólafsvík og huga að saum á þakkanti á nýrri byggingunni (vestur helmingurinn). Víða eru ljótar útfellingar undir saum (ábending málara).
g) Endurnýja þarf glugga í snillismiðju (gamli skóli).

Vagn I
Matthías
VK
SJL

h) Skipta þarf um einn glugga í vinnuaðstöðu kennara upp í skólanum í Ólafsvík. Harðviðargluggar á suðurhlið eru orðnir illa farnir, þó ekki skemmdir, en finna þarf út úr því hvernig best er að vinna þá upp og ná þeim góðum.

**6) Tæknideildin: Smári og Valgerður fóru yfir neðangreinda punkta:**

a) Í auglýsingu er tillaga að breyttu deiliskipulagi frístundasvæðis F-4 og F-5 á Arnarstapa til 25. október 2024. Unnið er að því að senda frístundahúsaeigendum á viðkomandi svæði póst til að vekja athygli á auglýsingu breytingartillögunnar.
b) Í auglýsingu er tillaga að nýju deiliskipulagi vegna bættrar ferðamannaþjónustu í landi Litlu-Tungu. Opið er fyrir athugasemdir til 25. október 2024.
c) Samþykkt var á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 26. september 2024 að beina lýsingu og matslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi vegna nýs hverfis austast í Ólafsvík í auglýsingu. Samþykkt var að halda kynningarfund fyrir íbúa í félagsheimilinu Klifi þann 10. október 2024 kl. 17:00 sem verður auglýst sérstaklega. Hafist verður handa við auglýsingu lýsingar og matslýsingar á næstunni liggi samþykki bæjarstjórnar fyrir eftir fund 1. október 2024.
d) Lokafrágangur nýs deiliskipulags í landi Axlar að hefjast
e) Ljósleiðari var lagður í Rifi í mánuðinum. Búið er að leggja inn í öll hús. Búið er að skrifa undir samning um að sveitarfélagið verði allt orðið ljósleiðaravætt í síðasta lagi árið 2026.

**7) Næsti fundur verður þriðjudaginn 5. nóvember kl. 09:00.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

Vagn I
Matthías Páll Gunnarsson
[illegible]
Baldvin L. [illegible]
Valgerður Kristmannsd.
Smári J. Lúðvíksson
[illegible]
[illegible]

**Svæðisgarðurinn Snæfellsnes**
**Ársfundur fulltrúaráðs, Breiðabliki, 12. október 2024 kl. 10:30.**

**Skýrsla stjórnar 2024:**

Starfsárið hófst með ársfundi fulltrúaráðs á Breiðabliki 14. nóvember 2023

Þar voru samþykktir næstu áfangar í forgangsverkefnum:

- Svæðismörkun Snæfellsness- BRANDING
- Fyrirmyndar útivistarstígar um Snæfellsnes
- Matarverkefni Svæðisgarðsins
- Vinna að því að Snæfellsnes verði Unesco Vistvangur/Man and Biosphere svæði
- Þróa áfram starfsemi Svæðisgarðsins í íbúa- og gestastofu Snæfellsness.

Á síðasta ársfundi var Gestastofan á Breiðabliki aðalumræðuefni þátttakenda, í opnum umræðum fundarins. Rætt var um samstarf sveitarfélagsins og Svæðisgarðs um húsið og aðstöðuna, og hvernig ætti að taka næstu skref.

Rétt að minna á, að í svæðisskipulagi Snæfellsness er kveðið á um, að sveitarfélögin ætli sér að hafa gestastofu eða móttöku, við „inngang" á svæðið. Þetta hús og aðstaða er því gríðarlega þýðingarmikið í því samhengi - það hefur tekist að hafa Íbúa- og gestastofuna opna alla daga á árinu og hingað kemur fjöldi gesta. Á árinu var samningur um húsið rýndur og skrifað var undir nýjan 10 ára samning við Eyja-og Miklaholtshrepp um notkun á skilgreindum svæðum í félagsheimilinu fyrir íbúa- og gestastofu Snæfellsness. Auk þess verður skrifað undir samning við Byggðastofnun/SSV – hér í dag – um samning um verkefni á Breiðabliki, sem fékk styrk úr Byggðaáætlun.

Í dag verða líka kynnt samstarfsverkefni með Listaháskóla Íslands um samstarf vöruhönnuða og matarframleiðenda, sem undirbúið hefur verið og er að hefjast.

Unnið var að endurskoðun á samþykktum Svæðisgarðsins á árinu og liggur afraksturinn fyrir hér á fundinum.

Á árinu kláraðist þriggja ára samvinnuverkefni með erlendum menntastofnunum og Fjölbrautaskóla Snæfellinga um umhverfisvæna nýsköpun fyrir ungt fólk. Skrifað var undir samstarfsyfirlýsingu við Fjölbrautaskóla Snæfellinga um frekara samstarf.

Vel gekk að fjármagna skilgreinda áfanga í forgangsverkefnum Svæðisgarðsins en Svæðisgarðurinn vinnur eftir samþykktum verkáætlunum sem hlotið hafa styrki úr samkeppnissjóðum.

Í janúar fór Svæðisgarðurinn á Mannamót markaðsstofa Landshlutanna sem bjóða upp á stefnumót ferðaþjónustuaðila á landsbyggðunum við ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur. Svæðisgarðurinn fer með kort um þjónustu á Snæfellsnesi og upplýsingar um Snæfellsnes sem áfangastað.

Í apríl fór Svæðisgarðurinn með Sælkerabíl um Snæfellsnes, með matvörur merktar nýja svæðismarkinu, frá fjölda snæfellskra framleiðenda og viðtökur voru, eins og venjulega, mjög góðar.

Stærsta og tímafrekasta verkefnið okkar var síðan umsókn um MAB – en það eru íslensk stjórnvöld – ríkisstjórnin – sem sækir um það til UNESCO.

Í lok september var skilað inn umsókn íslenska ríkisins til UNESCO, með aðkomu Svæðisgarðs og sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, um að Snæfellsnes verði fyrsti Vistvangurinn (Man and Biosphere) á Íslandi.

Svæðisgarðurinn tekur líka þátt í nokkrum samstarfsverkefnum, þ.á m. norrænu verkefni (styrkur frá norrænu ráðherranefndinni) um **Nærandi ferðaþjónustu á Norðurlöndum** (áfangi 3) þar sem m.a var unnið lýðvísindaverkefni um selatalningar og umhverfisþætti með þáttöku landeiganda í Ytri Tungu og Hótel Snæfellsness, verkefni um hvernig samfélög geta passað upp á líffræðilegan fjölbreytileika á sínum svæðum (Mablab 2) og Norðurslóða UNESCO Trail (1).

---

Á starfsárinu hafa verið haldnir sex stjórnarfundir.

Stjórn fundar ýmist í gegn um fjarfundarbúnað eða á staðfundum, eins oft og ástæða er talin til. Varastjórn fær líka fundarboð og hafa varfulltrúar verið duglegir að sitja fundina. Þess á milli vinna stýrihópar hvers verkefnis undir stjórn framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins.

Stýrihópar hafa fundað með lykilfólki á viðkomandi sviði.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri funda eftir því sem tilefni er til. Framkvæmdastjóri hefur getað annað öllum óskum um kynningar á Svæðisgarðinum sem borist hafa á árinu, komið á bæjarstjórnarfundi, nefndarfundi, til félaga, fyrirtækja og stofnana á Snæfellsnesi.

Hlédís Sveinsdóttir er verkefnastjóri matarverkefna Svæðisgarðsins.

Áfram var unnið að því að auka sýnileika Svæðisgarðsins og miðla fréttum af starfinu til íbúa og landsmanna allra. Verkefnahópur með fulltrúum sveitarfélaganna, þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, Byggðasafns Snæfellinga og umhverfisvottunar Snæfellsness, undir stjórn Svæðisgarðsins, fundaði reglulega á árinu, var í sambandi við fjölmiðla og deildi góðum fréttum. Ákveðið var að færa áhersluna á markhópinn heimamenn þannig að við séum fyrst og fremst að deila fréttum og stöðum sem eru opnir fyrir heimamenn og gesti. Leggja áherslu á að á Snæfellsnesi er lýðheilsa og ferðaþjónusta byggð upp á forsendum heimamanna. Hlédís Sveinsdóttir var ráðin til að halda utan um þetta verkefni auk viðburðaveislu.

Í ár hafa verið haldnir miðnæturviðburðir í sundlaugunum í Stykkishólmi og Lýsulaugum, og búið er að tímasetja viðburði í Grundarfirði og Ólafsvík, með tónlist, sögum, mat og drykk. Eins og í öllum verkefnum Svæðisgarðsins er unnið með snæfellska sérstöðu og ljósi varpað á innviði sem eru aðgengilegir fyrir íbúa og gesti.

---

Svæðisgarðurinn var beðinn um erindi á ráðstefnum og tók á móti hópum í heimsókn. Við erum orðin eftirsóttur samstarfsaðili innan og utan lands.

Nemendaverkefni hafa verið unnin á Snæfellsnesi og tveir háskólanemar hafa lokið verknámi í svæðisgarðinum á árinu og einn er væntanlegur í lok október, sem verður með starfsaðstöðu í Íbúa og Gestastofu Snæfellsness á Breiðabliki. Árlega kemur norrænn hópur mastersnema

ásamt kennurum sínum til að taka viðtöl við Snæfellinga og rannsaka umhverfisbreytingar á norðurslóðum.

--

Það mætti lengi telja – en ég læt þetta gott í bili.

Ég vil þakka stjórn, aðal- og varafulltrúum, sem og framkvæmdastjóra fyrir afar gott samstarf á árinu.

Með góðri kveðju fyrir hönd stjórnar,

Björg Ágústsdóttir, formaður stjórnar Svæðisgarðsins Snæfellsness

## Kristinn Jónasson

**From:** Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>
**Sent:** miðvikudagur, 23. október 2024 14:18
**To:** Heilbrigdiseftirlit Vesturlands; kristinns@akranes.is; Auður Kjartansdóttir; skuli@dalir.is; traustigylfason@gmail.com; agusta@grundarfjordur.is; birkir@hvalfjardarsveit.is; sigrun.olafs@borgarbyggd.is; jakob@stykkisholmur.is; sveitarstjori@dalir.is; skorradalur@skorradalur.is; sveitarstjori@borgarbyggd.is; linda@hvalfjardarsveit.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; akranes@akranes.is; bjorg@grundarfjordur.is; Kristinn Jónasson; gardarv@dalir.is; oddviti@eyjaogmikla.is; thjonustuver@borgarbyggd.is; haraldurb@akranes.is; steinar.adolfsson@akranes.is; bjarnisig@grundarfjordur.is; sveitarstjori@kjos.is; pall@ssv.is; gudveig.eygloardottir@borgarbyggd.is
**Subject:** Fundargerð 192. fundar heilbrigðisnefndar
**Attachments:** 192_2024_1022_Samþykkt fundargerð.pdf; 20240919_Fyrirkomulag heilbrigðiseftilrits til URN.pdf; 202410014_Tilkynning um bókun Borgarbyggðar.pdf; 2024 1022_Gjaldskrá heilbrigðiseftirlits 2025.pdf; 2024 0826 Bruni í hreinibíl Hvalfjarðarsveit.pdf

Heil og sæl

Meðfylgjandi er fundargerð 192. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands sem haldinn var á mánudag ásamt helstu gögnum sem lögð voru fyrir fundinn. Á fundinum var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórna, Gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi sveitarfélaga.

Jafnframt samþykkti heilbrigðnefnd nýja gjaldskrá sem þarfnast ekki staðfestingar sveitarfélaga en er send til kynningar. Útreiknað tímagjald skv. gjaldskránni er byggt á fjárhagsáætluninni skv. útreikningi í leiðbeiningum umhverfisráðherra frá árinu 1999. Gert er ráð fyrir að tímagjald hækki úr 18.900 í 21.100.

Með póstinum fylgir bréf til Umhverfisráðherra vegna breytingar á fyrirkomulagi eftirlits. Sveitastjórn Borgarbyggðar hafði ekki bókað um málið þegar bréfið var sent þannig að ráðuneytinu var sérstaklega kynnt bókun sveitarfélagsins sem er meðfylgjandi. Í heildina er niðurstaðan afgerandi stuðningur sveitarstjórna á Vesturlandi og í Kjósarhreppi við að heilbrigðiseftirlitið verði áfram rekið af sveitarfélögum. Eftir því sem ég hef heyrt frá fulltrúa heilbrigðiseftirlitssvæða í stýrihópi sem á að skila tillögum til umhverfisráðherra um fyrirkomulag eftirlits, þá er nú komin upp ný sviðsmynd sem byggir á að heilbrigðiseftirlitið verði áfram í héraði en farið verði í vinnu við að samræma það betur. Bestu þakkir fyrir stuðninginn og traustið.

Kveðja,

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
s. 431 2750, farsími. 6206566

Fullgild rafræn undirskrift
ÞORSTEINN NARFASON
Kennitala: 200366-5069
2024-10-22 14:16:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KRISTINN HALLUR SVEINSSON
Kennitala: 210572-5979
2024-10-22 15:56:43 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
AUÐUR KJARTANSDÓTTIR
Kennitala: 230891-2309
2024-10-22 20:50:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
BIRKIR SNÆR GUÐLAUGSSON
Kennitala: 261087-3599
2024-10-23 12:53:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGURHANNA ÁGÚSTA EINARSDÓTTIR
Kennitala: 301188-3669
2024-10-23 13:37:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

Heilbrigðiseftirlit
**Vesturlands**

# 192. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams 21. október 2024 og hófst hann kl. 16.00.

Mættir: Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir.

**Dagskrá**

**Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar**

1.1 Hótel Húsafell sækir um handhafabreytingu fyrir Hótel Húsafell, Húsafelli. Handhafabreyting var gerð þann 25. ágúst 2024, starfsleyfið gildir til 28. júní 2031.

1.2 Símenntun á Vesturlandi sækir um starfsleyfi fyrir kennsluhúsnæði að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi. Starfsleyfi var gefið út 23. september 2024 og gildir í 12 ár.

1.3 Landbúnaðarháskóli Íslands sækir um starfsleyfi fyrir háskóla Ásgarði Hvanneyri. Leyfið var gefið út 23. september 2024 og gildir í 12 ár.

1.4 Miðhraun ehf. sækir um starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Miðhrauni 1, Eyja- og Miklaholtshreppi. Starfsleyfi var gefið út þann 25. september 2024 til 12 ára.

1.5 Veitur ohf. sækja um endurnýjun á starfsleyfi fyrir geymslu og meðhöndlun á asbesti vegna hitaveitu á Sólbakka 10 í Borgarnesi. Leyfið var auglýst á vefsvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 3. september til 1.október 2024. Engar athugasemdir bárust. Starfsleyfi var gefið út með starfsleyfisskilyrðum fyrir atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest, dagsett 2. október 2024, og gildir til 12 ára.

1.6 Lágskógur ehf. sækir um starfsleyfi fyrir minna gistiheimili í flokki II að Hrossholti, Eyja og Miklaholtshreppi. Gestafjöldi er 10 gestir. Starfsleyfi var gefið út þann 9. október 2024 og gildir til 12 ára.

1.7 Mjólkursamsalan hf. sækir um starfsleyfi fyrir afurðastöð í mjólkuriðnaði að Brekkuhvammi 15 í Búðardal vegna mengunarvarna. Þar sem fyrirséð var að ekki yrði unnt væri að afgreiða starfsleyfi í tæka tíð áður en eldra leyfi rynni út var eldra starfsleyfi framlengt þann 4. október 2024 um 1 ár eða þangað til nýtt leyfi tekur gildi. Um heimild til framlengingar starfsleyfis er vísað til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarir, m.s.br.

1.8 Asian Food Jamm ehf. sækir um leyfi fyrir matsöluvagni/færanleg matvælastarfsemi sem staðsettur verður á Akratorgi, Akranesi. Fastanúmer matsöluvagns er AGX48. Leyfið var gefið út 30. september 2024 og er ótímabundið.

1.9 MR06 ehf. sækir um handhafabreytingu á starfsleyfi fyrir matsölustað á Kirkjubraut 8, á Akranesi, Lighthouse Restaurant. Starfsleyfi var yfirfært á nýjan rekstaraðila þann 15. október 2024 og gildistími er ótímabundinn.

*Lagt fram.*

**2. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998**

Carlos Nigel Taroni, Höfðabraut Akranesi. Staðfesting á skráningu fyrir starfsemi með meindýravarnir 14. október 2024. Skráningarnúmer 460806.

**3. Umsagnir**

**Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi**

3.1 Umsókn Miðhrauns ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúð, að Miðhrauni I, Eyja – og Miklaholtshreppi. Fjöldi gesta skv. umsókn er 7. Jákvæð umsögn var send 4. október 2024.

3.2 Umsókn Lágskógur ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúð, að Hrossholti, Eyja- og Miklaholtshreppi. Fjöldi gesta skv. umsókn er 10. Jákvæð umsögn var send 9. október 2024.

**Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi**

3.3 Umsókn frá Knattspyrnufélagi ÍA um tækifærisleyfi/tímabundið áfengisleyfi í samkomutjaldi og í hátíðarsal á Jaðarsbökkum vegna knattspyrnuleikja 6. október og 19. október 2024. Jákvæðar umsagnir sendar 4. október og 15. október 2024.

3.4 Umsókn frá Hjelm Veitingar ehf. um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu í Skemmunni og gamla Íþróttahúsinu á Hvanneyri þann 15. október. Jákvæð umsögn send 9. október 2024.

*Lagt fram.*

**4. Umsagnir til sveitarfélaga um skipulagsmál**

**Hvalfjarðarsveit**

4.1 Umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 vegna breytinga á landnotkun á Leirá. Umsögn var send 3. október 2024.

*Lagt fram.*

**5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og Gjaldskrá 2025**

Lögð var fram drög að fjárhagsáætlun og drög að gjaldskrá fyrir heilbrigðis- mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
Gert er ráð fyrir að tímagjald hækki í kr. 21.100 og gjald vegna rannsókna verði kr. 29.000, Gert er ráð fyrir tekjum uppá kr. 100.500.000. og kostnaður sé um kr. 107.100.000 eða halla uppá rúmar 6,6 milljónir.

*Fjárhagsáætlun og gjaldskrá er samþykkt með breytingum.*

**6. Afgreiðsla sveitarstjórna á Vesturlandi á bréfi heilbrigðiseftiritsins dagsettu 28. maí 2024**

Lögð fram afgreiðsla sveitarstjórnar Borgarbyggðar 10. október um breytingu á fyrirkomulagi eftirlits.

*Málið var kynnt.*

**7. Samþykktir**

**7.1 Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit**

Drög að samþykkt lögð fram með athugasemdum heilbrigðiseftirlits lögð fram.

*Samþykkt.*

**7.2 Samþykkt um fráveitur í Hvalfjarðarsveit**

Drög að samþykkt lögð fram með athugasemdum heilbrigðiseftirlits lögð fram. Framkvæmdastjóra falið að gera athugasemdir fyrir hönd heilbrigðisnefndar og senda Hvalfjarðarsveit.

**8. Önnur mál**

Atburðarrás vegna bruna í hreinsibíl og hreinsun á vettvangi undir Hafnarfjalli í Hvalfjarðarsveit. Skýrsla heilbrigðiseftirlitsins dagsett 26. ágúst 2024 var lögð fram og kynnt.

Fundi slitið 17.15

**BREIÐAFJARÐARNEFND**

__226. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. september 2024, á Teams__

**Mætt frá Breiðafjarðarnefnd:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Karl Kristjánsson, Arnar Kristjánsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

**Forföll**: Arnheiður Jónsdóttir.

*Fundarritari*: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.30.

1. **Fundargerðir 224. og 225. funda Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 224. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 18. júní 2024, og fundargerð 225. fundar Breiðafjarðarnefndar, sem haldinn var 8. júlí 2024 í Flatey.

**Afgreiðsla:**

Fundargerðir lesnar upp og samþykktar.

2. **Samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar 2024**

Breiðafjarðarnefnd vinnur að nokkrum samstarfsverkefnum á árinu.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi áfram um stöðu samstarfsverkefna á árinu og samþykkti fjárhagsáætlun sína fyrir árið. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun setja sig í samband við samstarfsaðila til að ganga frá samstarfssamningum fyrir árið 2024.

3. **Umsögn vegna deiliskipulags fyrir Vigraholt í Sveitarfélaginu Stykkishólms**

Breiðafjarðarnefnd fékk umsagnarbeiðni frá Sveitarfélaginu Stykkishólms vegna skipulagsins fyrir Vigraholt. Skilafrestur umsagnar var 6. september 2024 og hefur Breiðafjarðarnefnd nú þegar skilað inn umsögn.

**Afgreiðsla:**

Farið var yfir feril málsins, sem hófst í desember 2023, og rætt var um síðustu umsögn nefndarinnar frá í september.

### 4. Umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi í Króksfjarðarnesi og Geirdal í Reykhólahreppi

Breiðafjarðarnefnd hefur borist beiðni frá Reykhólahreppi vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir Króksfjarðarnes og Geirdal í Reykhólahreppi.

**Afgreiðsla:**

Karl Kristjánsson fór yfir fyrirhugaðar breytingar og nefndin kom sér saman um athugasemdir sem starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun undirbúa og senda á nefndarfólk fyrir næstu viku.

### 5. Endurheimt Hraunsfjarðar - Framhald eftir fund með ráðherra

Breiðafjarðarnefnd hefur haft í undirbúningi mögulega endurheimt Hraunsfjarðar á Snæfellsnesi síðan 2023. Breiðafjarðarnefnd sendi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra greinargerð vegna áformanna vorið 2024 og ræddi málið við ráðherra á fundi í júlí 2024.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi næstu skref og gerði áætlun fyrir verkefnið. Ljóst er að verkefnið verður ekki að veruleika nema í samráði við landeigendur, fagaðila og sveitarfélögin tvö sem liggja að svæðinu.

### 6. Framtíð Breiðafjarðar - Framhald eftir fund með ráðherra

Breiðafjarðarnefnd setti á fót vinnu um „framtíð Breiðafjarðar" árið 2017. Framtak hennar leiddi til skipun stýrihóps um framtíð Breiðafjarðar sem skilaði af sér niðurstöðum í júlí 2024. Nefndin ræddi málið við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra á fundi í júlí 2024.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi næstu skref og samþykkti að undirbúa skýrslu þar sem nefndin tekur formlega afstöðu til tillagna stýrihópsins. Hægt er að sjá tillögur stýrihópsins á heimasíðu SSV - Samtaka sveitafélaga á Vesturlandi hér eða á heimasíðu Fjórðungssambands Vestfirðinga hér.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til ráðgjafar hvað varðar framkvæmd laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og telur að álit hennar á tillögum stýrihópsins sé mikilvægt fyrir ráðherra áður en ráðuneytið tekur afstöðu til þeirra.

### 7. Verndarsvæði í hafi - Lokaskýrsla stýrihóps um verndun hafsins

Lokaskýrsla stýrihóps um verndun hafsins var birt í júlí 2024. Hægt er að nálgast skýrsluna hér.

**Afgreiðsla:**

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar lagði fram til kynningar lokaskýrslu stýrihóps, sérstaklega kafla sem fjalla um Breiðafjörð.

Ljóst er að Breiðafjörður gegnir mikilvægu hlutverki í náttúruvernd og tillögur stýrihópsins undirstrika það, eins og má sjá í tillögu stýrihópsins fyrir neðan.

„Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið í samráði við hagaðila ljúki við kerfisbundna greiningu á stjórnkerfi verndunar og nýtingar í Breiðafirði og hvort skilgreina megi svæði Breiðafjarðar í hafi innan markalínunnar sem svæði með annarri virkri svæðisvernd (OECM) eða friðlýst svæði í hafi (MPA) í skilningi samnings SÞ um líffræðilega fjölbreytni".[1]

Breiðafjarðarnefnd telur að rétt væri farið að ljúka við kerfisbundna greiningu á stjórnkerfi verndunar og nýtingar í Breiðafirði, eins og stýrihópur leggur til.

**8. Önnur mál**

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur á Teams þann 1. október 2024, kl. 10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.

[1] Stjórnarráðið. (Júlí 2024). *Verndarsvæði í hafi. Lokaskýrsla stýrihóps um verndun hafsins.* https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/MAR_VerndarsvaediiHafi_Vefur.pdf, bls. 31.

# Fundargerð 952. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 27. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Helgi Kjartansson, Álfhildur Leifsdóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Jón Björn Hákonarson.

Walter Fannar Kristjánsson boðaði forföll, varamaður hans Ásgerður K. Gylfadóttir mætti í hans stað. Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll, varamaður hennar Helgi Kjartansson mætti í hennar stað. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll en varamaður hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kynning umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins - 2409034SA**

   Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Stefán Guðmundsson og Halla Sigurðardóttir frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu ásamt Örnu Ómarsdóttur komu inn fundinn undir þessum lið og gerðu þau grein fyrir vinnu við skilvirkari leyfisveitingu á sviði umhverfis- og orkumála. Einnig kynntu þau verkefni um endurskoðun um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

2. **Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs - 2308026SA**

   Á 89. fundi verkefnistjórnar um úrgangsmál, dags. 28. ágúst 2023, lagði verkefnastjórn til að Sambandið hrindi af stað verkefni um kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs í ljósi þess að kostnaður sveitarfélaga vegna þessa málaflokks hefur aukist verulega. Tillagan var samþykkt í stjórn Sambandsins þann 29. september 2023. Markmið verkefnisins var að ná betri yfirsýn yfir kostnað sveitarfélaga og hvernig hann hefur þróast síðastliðin ár. Auk þess að fá fram tillögur um möguleika til aukinnar hagkvæmni og bættrar yfirsýnar í málaflokknum.
   Verkefninu var skipt upp í tvo hluta. Í fyrri hlutanum voru fimm sveitarfélög valin til þátttöku í verkefninu, þar sem gögn þeirra voru tekin saman og unnin greining á kostnaði og tekjum þeirra í úrgangsmálum fyrir undangengið ár. Ráðgjafar Pure North unnu greiningu kostnaðar út frá hrágögnum, þ.e. reikningum og öðrum upprunalegum upplýsingum um kostnað vegna úrgangsþjónustu. Niðurstöður Pure North voru kynntar fyrir stjórn dags. 31. maí sl.

Í seinni hluta verkefnisins, sem unnin var af HLH ráðgjöf var lagt upp með að eftirfarandi þættir yrðu skoðaðir og niðurstöður Pure north hafðar til hliðsjónar:

1. Hvernig er kostnaður og tekjur sveitarfélaga að þróast fyrir meðhöndlun úrgangs síðastliðin 10 ár?
2. Eru sveitarfélög að uppfylla lagakröfur þegar kemur að bókfærslum, gjaldskrárgerð og innheimtu vegna meðhöndlunar úrgangs?
3. Hvernig þurfa bókhaldsfærslur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs að breytast svo þær nái betur utan um útgjaldaliði og tekjur í málaflokknum og styðji við breytta innheimtu sveitarfélaga vegna innleiðingar Borgað þegar hent er?
4. Eru sveitarfélög með nægjanlegar upplýsingar og yfirsýn yfir kostnaðarmyndun í málaflokknum?
5. Hver er kostnaðarþátttaka Úrvinnslusjóðs vegna kostnaðar sveitarfélaga á meðhöndlun á úrgangi á ábyrgð Úrvinnslusjóðs?
6. Hvernig eru fjárfestingar að stuðla að því að sveitarfélög uppfylli hlutverk sitt og ábyrgð skv. nýju lögunum og eru vísbendingar um að innviði skorti?

Nú liggur fyrir skýrsla HLH um þróun kostnaðar úrgangsmála sveitarfélaga árin 2012 til 2023. Arnar Haraldsson ráðgjafi frá HLH kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir niðurstöðum skýrslunnar.

*Stjórn þakkar fyrir greinagóða skýrslu um þróun kostnaðar úrgangsmála sveitarfélaga. Í skýrslunni eru lagðar fram 13 tillögur til úrbóta. Skýrslan verður kynnt sveitarfélögum á fjármálaráðstefnu þar sem kallað verður eftir sjónarmiðum sveitarfélaga. Þá er formanni og framkvæmdastjóra falið að setja á fót starfshóp um úrgangsmál þar sem m.a. verða skoðaðar tillögur er snúa að Úrvinnslusjóði og koma með tillögur að framtíðarfyrirkomulagi sem byggja á þessum tillögum og fyrri skýrslum.*

Hildur Björnsdóttir vék af fundi kl. 14:00, í stað hennar mætti varafulltrúi hennar Kjartan Magnússon kl. 14:45.
Guðmundur Ari Sigurjónsson vék af fundi kl. 14:20.

**3. Skýrsla um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk - 2205032SA**

Arnar Haraldsson ráðgjafi frá HLH sat fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir niðurstöðum á tillögum starfshóps í áfangaskýrslu II um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk, dags. í september 2024. Arnar vék af fundi kl. 14:55.

*Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir í samræmi við umræður á fundinum.*

Helgi Kjartansson vék af fundi kl. 15:00.

**4. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 98. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 28. ágúst 2024.

5. **Fundargerð 951. fundar - 2309033SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 951. fundar stjórnar Sambandsins frá 30. ágúst 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

6. **Fræðslumálanefnd - 2210009SA**

Lögð fram fundargerð 155. fundar fræðslumálanefndar Sambandsins frá 9. september 2024.

7. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

Lögð fram fundargerð 31. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 18. september 2024.

8. **Kjaramálanefnd Sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 46. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 10. september 2024.

9. **Staða kjaramála - 2406015SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í september 2024.

10. **Kjarasamningur - 2406015SA**

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og AFLs Starfsgreinafélags, dags. 26. september 2024, ásamt fylgiskjali.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamning við AFL Starfsgreinafélag.*

11. **Endurnýjun veikindaréttar - 2409035SA**

Lagt fram minnisblað Antons B. Markússonar hrl., dags. 18. september 2024, um rétt starfsmanna til forfallalauna í veikindum - endurnýjun veikindaréttar.

*Formanni samninganefndar sveitarfélaga falið að upplýsa sveitarfélög um niðurstöðu dómsins og áhrif hans.*

12. **Drög að dagskrá fjármálaráðstefna sveitarfélaga - 2404027SA**

Þórdís Sveinsdóttir, sviðsstjóri þróunarsviðs Sambandsins, kynnti drög að dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2024.

13. **Yfirferð yfir samþykktir Sambandsins - 2406023SA**

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 25. september 2024, um yfirferð yfir samþykktir Sambandsins, ásamt fylgiskjölum.

*Málinu frestað til næsta fundar.*

14. **Rammasamningur við STEF - 2409031SA**

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 25. september 2024, um möguleika á heildarsamningi við STEF, ásamt fylgiskjali.

*Yfirlögfræðingi falið að kanna samvinnugrundvöll við STEF um heildarsamning, kanna vilja sveitarfélaga til slíks samnings sem og kanna möguleika á framlagi úr Jöfnunarsjóði sbr. fordæmið um samkomulagið varðandi Fjölís.*

15. **Úttekt á stöðu Íslands gagnvart sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga - 2312020SA**

Lagt fram til minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 25. september 2024, um úttekt á stöðu Íslands gagnvart sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga, ásamt fylgiskjali.

Freyr Antonsson vék af fundi kl. 15:00.

16. **Stefnumörkun Sambandsins og breikkun tekjustofna - 2203042SA**

Framkvæmdastjóri og aðalhagfræðingur Sambandsins gerðu grein fyrir vinnu við að forgangsraða áhersluatriðum í stefnu sambandsins um breikkun tekjustofna sveitarfélaga.

17. **Tilnefning í aðgerðarhóp um brúun bilsins milli fæðingarorlofs og leikskóla - 2408016SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 29. ágúst 2024, þar sem Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, er tilnefnd í aðgerðarhóp um brúun bilsins milli fæðingarorlofs og leikskóla.

18. **Tilnefning í stýrihóp til að fylgja eftir tillögum vinnuhóps um endurskoðun á mats- og greiðslukerfi hjúkrunarheimila - 2408002SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 4. september 2024, þar sem Ásgerður Kristín Gylfadóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði, er tilnefnd í stýrihóp til að fylgja eftir tillögum vinnuhóps um endurskoðun á mats- og greiðslukerfi hjúkrunarheimila.

19. **Tilnefning í málnefnd um íslenskt táknmál - 2408003SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 4. september 2024, þar sem Selma Kaldalóns Sigvaldadóttir, starfsmaður á Táknmálasviði Hlíðarskóla í Reykjavík, er tilnefnd sem aðalmaður í málnefnd um íslenskt táknmál, og Anna Kristín Óladóttir, starfsmaður á Táknmálasviði Hlíðarskóla í Reykjavík, til vara.

20. **Tilnefning í framhaldshóp til að vinna að endurskoðun á verklagi við forgangsröðun í hjúkrunarrými - 2408001SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 4. september 2024, þar sem Lilja Einarsdóttir, forstjóri Hjúkrunarheimilisins Lundar á Hellu, er tilnefnd í framhaldshóp til að vinna að endurskoðun á verklagi við forgangsröðun í hjúkrunarrými.

21. **Tilnefning í aðgerðarhóp um víðtækar aðgerðir vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum - 2408023SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 4. september 2024, þar sem Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, forvarnarfulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem aðalfulltrúi í aðgerðarhóp um víðtækar aðgerðir vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum, og Ingimar Guðmundsson, verkefna- og kynningarstjóri Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar á stjórnsýslusviði Sambandsins, til vara.

22. **Tilnefning í samstarfsvettvang stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis - 2406020SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 5. september 2024, þar sem Þórdís Sveinsdóttir, sviðsstjóri þróunarsviðs Sambandsins, og Magnús Níels Sigurðsson, á þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd í samstarfsvettvang stjórnvalda og atvinnulífsins á sviði netöryggis.

23. **Tilnefning í starfshóp um almenningssamgöngur - 2409005SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 6. september 2024, þar sem Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, og Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, eru tilnefndar í starfshóp um almenningssamgöngur.

24. **Tilnefning í starfshóp um stefnu fyrir virka ferðamáta og smáfarartæki - 2408006SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 10. september 2024, þar sem Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, er tilnefnd í starfshóp um stefnu fyrir virka ferðamáta og smáfarartæki.

Fundi var slitið kl. 16:22

# Fundargerð 953. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 25. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Álfhildur Leifsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Walter Fannar Kristjánsson boðaði forföll, varamaður hans Ásgerður K. Gylfadóttir mætti í hans stað og tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mætti í hans stað. Nanný Arna Guðmundsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Álfhildur Leifsdóttir mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Þórdís Sveinsdóttir og Helga María Pálsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 952. fundar - 2309033SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 952. fundar stjórnar Sambandsins frá 27. september 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Jónsmessunefnd - 2401003SA**

Lagt fram minnisblað til Jónsmessunefndar um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks.

*Á fundi Jónsmessunefndar lagði Sambandið fram minnisblað og kröfur um að fá formlegt samtal við ríkið annars vegar um heildarfjármögnun málaflokks fatlaðs fólks svo gera megi nauðsynlegar breytingar á fjárlagafrumvarpi næsta árs. Hins vegar að Sambandið og ríkið klári formlega yfirfærslu á þjónustu við börn með fjölþættan vanda frá sveitarfélögum til ríkis og geri ráð fyrir fjármagni til að sinna þessari þjónustu í fjárlögum næsta árs. Stjórn sambandsins felur fulltrúum sínum í Jónsmessunefnd að fylgja málum eftir í kjölfar kosninga.*

**3. Fyrirkomulag þjónustu barna með fjölþættan vanda - 2206028SA**

Rætt um fyrirkomulag þjónustu barna með fjölþættan vanda.

*Í þeim skýrslum og starfshópum sem fjallað hafa um málefni barna með fjölþættan vanda síðastliðin ár hefur verið samróma álit allra um skynsemi þess að þjónusta á þriðja stigi sé á forræði eins aðila. Mikilvægt sé að svo fámennur og viðkvæmur hópur fái þjónustu við hæfi og jafnræði sé gætt við að veita slíka þjónustu. Nú síðast í áfangaskýrslu II um Kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk, sem kom út í september og gefin var*

*út af Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu var komist að þeirri niðurstöðu að þriðja stigs þjónusta ætti að vera á ábyrgð ríkisins og fjármagnaður af ríkinu.*

*Algjört neyðarástand ríkir hjá þeim sem þjónustuna þiggja og sveitarfélögum sem hafa reynt að bregðast við þjónustufalli ríkisins án þess að hafa til þess úrræði eða fjármagn. Stjórn Sambandsins harmar að ekki sé komið til móts við þennan hóp barna í fjárlögum og kallar eftir því að viðeigandi ráðuneyti komi þegar í stað á fót samninganefnd ásamt Sambandinu til að útfæra yfirfærslu á málaflokknum á grundvelli tillagna í áfángaskýrslu II. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að fylgja því eftir við viðkomandi ráðuneyti.*

4. **Kjarasamningar - 2406015SA**

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Visku, dags. 10. október 2024. Einnig lagt fram samkomulag samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna, dags. 18. október 2024, ásamt skilningsskjali.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamninga við Visku og Félag íslenskra hljómlistarmanna.*

Álfhildur Leifsdóttir og Sunna Hlín Jóhannesdóttir viku af fundi.

5. **Staða kjaramála - 2406015SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerir grein fyrir stöðu kjaramála í október 2024.

6. **Stefna vegna verkfallsboðunar Kennarasambands Íslands - 2410014SA**

Lögð fram stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir Félagsdómi vegna verkfallsboðunar sem Kennarasamband Íslands boðaði fyrir hönd aðildarfélaga, dags. 16. október 2024.

Álfhildur Leifsdóttir og Sunna Hlín Jóhannesdóttir koma aftur inn á fundinn eftir þennan lið.

7. **Drög að dagatali stjórnar 2025 - 2410016SA**

Lögð fram drög að dagatali stjórnar sambandsins 2025 með áætlun um dagsetningar stjórnarfunda.

*Stjórn samþykkir dagatal stjórnar fyrir árið 2025 með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum. Jafnframt samþykkt að Landsþing Sambandsins verði haldið fimmtudaginn 20. mars 2025.*

8. **Yfirferð yfir á samþykktum Sambandsins - 2406023SA**

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar sambandsins 27. september 2024, en þá var málinu frestað til næsta fundar.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir minnisblaði frá kjörnefnd um ferlið við gerð tillögu til landsþings um fulltrúa í stjórn.*

9. **Áhrif loðnubrests á sveitarfélög - 2410020SA**

Lögð fram bókun stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 22. október 2024, um áhrif loðnubrests á íslenskt efnahagslíf. Ásamt frétt um

málið sem birtist 15. október á RÚV undir yfirheitinu "Milljarðar í húfi fyrir sveitarfélög sem treysta á loðnukvótann."

Jón Björn Hákonarson kom inn á fundinn undir þessum lið f.h. Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.

*Stjórn Sambandsins tekur undir bókun stjórnar Samtaka sjávarútvegsfélaga sem kveður á um að leggja þurfi áherslu á að Hafrannsóknarstofnun verði fjárhagslega undir það búin að fara í öflugar bergmálsmælingar í byrjun næsta árs til að hægt sé að ganga úr skugga um hvort ekki sé hægt að heimila þessar þjóðhagslega mikilvægu veiðar. Það er skýlaus krafa sjávarbyggða á Íslandi að ríkisvaldið sjái til þess að jafn mikilvæg stofnun og Hafrannsóknarstofnun sé fullfjármögnuð og gert kleift að halda úti öflugum rannsóknum á fiskistofnum þjóðarinnar til að hægt sé að tryggja sjálfbærar veiðar sem skipta sköpum fyrir íslenskt efnahagslíf.*

**10. Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2025 - 2409026SA**

Lögð fram umsögn Sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 10. október 2024 um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2025, 1. mál.

**11. Umræður stjórnmálaflokka fyrir kosningar - 2410030SA**

Lagt fram minnisblað samskiptastjóra Sambandsins, dags. 23. október 2024, um umræður stjórnmálaflokka um sveitarstjórnarmál í aðdraganda kosninga.

*Stjórn felur samskiptastjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.*

**12. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins í Strassborg - 2009042SA**

Lagt fram minnisblað forstöðumanns Evrópuskrifstofu Sambandsins, dags. 21. október 2024, um Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins í Strassborg í Frakklandi 15.-17. október 2024.

*Stjórn Sambandsins tekur undir niðurstöður skýrslunnar og felur framkvæmdastjóra og formanni að fylgja tillögum skýrslunnar eftir við viðkomandi ráðherra.*

**13. Tilnefning í starfshóp um skilgreiningu á viðmiði um lágmarksþjónustu sveitarfélaga - 2409011SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 30. september 2024 þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins og Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, eru tilnefndar í starfshóp um skilgreiningu á viðmiði um lágmarksþjónustu sveitarfélaga.

**14. Tilnefning í húsnæðis- og skipulagsráð - 2409014SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 30. september 2024, þar sem Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, er tilnefnd í húsnæðis- og skipulagsráð.

**15. Tilnefning í Íslensku vatnafræðinefnd - 2401036SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins ,dags. 30. september 2024, þar sem Gyða Einarsdóttir,

sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í Íslensku vatnafræðinefndina.

16. **Endurtilnefning í aðgerðarhóp um brúun bilsins milli fæðingarorlofs og leikskóla - 2408016SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 30. september 2024, þar sem Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður stjórnar Sambandsins, er tilnefnd í aðgerðarhóp um brúun bilsins milli fæðingarorlofs og leikskóla, Helgu Maríu Pálsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslusviðs Sambandsins.

17. **Tilnefning í starfshóp um starfstengdar námsleiðir að loknu námi á starfsbrautum framhaldsskólanna - 2406026SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 8. október 2024 þar sem Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, er tilnefnd í starfshóp um starfstengdar námsleiðir að loknu námi á starfsbrautum framhaldsskólanna.

18. **Tilnefning í réttindavakt félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins 2024-2026 - 2410018SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 21. október 2024, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í réttindavakt félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins 2024-2026, og Ólafur G. Rósinkarsson, verkefnastjóri í málefnum fatlaðra hjá Reykjanesbæ, til vara.

19. **Tilnefning í starfshóp um neysluvatn og afleiddra gerða - 2410007SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 21. október 2024, þar sem Sigríður Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um neysluvatn og afleiddra gerða.

20. **Endurtilnefning í Geðráð - 2307003SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 21. október 2024 þar sem Björk Vilhelmsdóttir, félagsráðgjafi, er tilnefnd í Geðráð í stað Berglindar Hörpu Svavarsdóttur.

21. **Umsögn um nýja og uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum - 2409029SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins, dags. 25. september 2024, um nýja og uppfærða aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, mál nr. S-119/2024.

22. **Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda - 2409038SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 1. október 2024, um drög að framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2025-2028, mál nr. S-178/2024.

23. **Umsögn um áform um lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - 2410006SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 7. október 2024, um áform um lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, mál nr. S-191/2024.

24. **Umsögn um drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk - 2410002SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 7. október 2024, um drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, mál nr. S-181/2024.

Fundi var slitið kl. 15:00

# Fundargerð 954. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, mánudaginn 4. nóvember kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Nanný Arna Guðmundsdóttir hafði ekki tök á að sitja fundinn og ekki gafst tími til að boða varafulltrúa.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Þórdís Sveinsdóttir, Kolbeinn Guðmundsson, starfsmaður Reykjavíkurborgar og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kjarasamningar - 2406015SA**

   Formaður samninganefndar gerði grein fyrir tilboði sem nefndin lagði fram í seinustu viku til að leysa viðræður við Kennarasamband Íslands. Jafnframt fjallaði hún almennt um viðræðurnar og næstu skref.

Fundi var slitið kl. 08:50.

# Fundargerð 466. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, miðvikudaginn 23. október kl. 17:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Akureyri.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Elliði Vignisson, Björn Arnaldsson, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri.

Hanna Björg Konráðsdóttir boðaði forföll

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Stjórn Hafnasamband Íslands - 2401001HA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 465. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 9. september 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. **Hafnasambandsþing 2024 - 2210002HA**

   Rætt um undirbúning og framkvæmd hafnasambandsþings 2024.

   *Dagskrá hafnasambandsþingsins var samþykkt ásamt tillögu um Ásthildi Sturludóttir og Guðnýju Sverrisdóttur sem forseta þingsins. Tillaga að ályktun fyrir hafnasambandsþingið lögð fram til kynningar. Samþykkt var að hafnafundur 2025 verði hjá Höfnum Snæfellsbæjar og hafnasambandsþing 2026 hjá Reykjaneshöfnum.*

3. **Hafnasamband Íslands - fjárhagsáætlun 2023 - 2024 - 2410001HA**

   Lögð fram tillaga að fjárhagsáæltun og árgjöldum fyrir árin 2025-2026.

   *Stjórn samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun og árgjöldum fyrir árin 2025-2026.*

4. **Öryggisnefnd tilnefningar - 2410002HA**

   Lagt fram endurskoðað erindisbréf fyrir Öryggisnefnd Hafnasambands Íslands þar sem lagt er til að fjölga í nefndinni.

   *Stjórn samþykkir að óska eftir tilnefningum frá Faxaflóahöfnum, Hafnarfjarðarhöfn, Þorlákshöfn, Vestmannaeyjahöfn, Hafnasamlagi Norðurlands, Ísafjarðarhöfn og Fjarðabyggðarhöfnum í samstarfshóp hafnsögumanna og skipstjóra lóðs- og dráttarbáta. Samstarfshópurinn er hugsaður sem faghópur um fræðslu, öryggi og samstarf hafna.*

5. **Stjórn Hafnasamband Íslands - Fjarvigtun - 2009021HA**

   Pétur Ólafsson gerði grein fyrir stöðu verkefnisins en ekki er ljóst hvenær hægt verður að hefja tilraunaverkefni í fjarvigtun.

Arnfríður Eide vék af fundi kl. 18:00.

6. **Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. - nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl. - óskað umsagnar - 2410003HA**

Lögð fram drög að frumvarpi til laga, dags. 20. okt. 2024, um breytingu á ýmsum lögum /um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.), mál nr. S-213/2024, sem birt var í Samráðsgátt 15. október. Einnig lögð fram umsögn Cruise Iceland sem og umsögn Hafnasambands Íslands.

*Stjórn Hafnasambandsins tekur undir umsögn Cruise Iceland, CLIA og AECO um ákvæði í frumvarpi fjármálaráðuneytisins um upptöku innviðagjalda á skemmtiferðaskip á komandi ári um leið og árréttuð eru andmæli við afnámi tollafrelsins á svokölluð leiðangurskip. Tillögur þessar eru illa ígrundaðar og gera ekki ráð fyrir neinni aðlögun að því skipulagi og bókunarferli sem unnið er eftir varðandi komur skemmtiferðaskipa til landsins.*
*Hafnasambandið varar við þeim afleiðingum sem þessi útfærsla á innviðgjöldum og afnmámi tollafrelsis getur haft á bókanir og komur skipa hingað til lands, þegar á komandi sumri. Ljóst er að fjölmargar hafnir munu mögulega missa umtalsverðar tekjur ásamt ferðaþjónusta á viðkomandi stöðum, ekki síst hafnir vítt og breitt á landsbyggðinni.*
*Sjórn Hafnasambandsins skorar á stjórnvöld og alþingi að útfæra tillögur að gjaldheimtu vegna farþegaskipa í samvinnu og samráði við alla hagsmunaðila, þannig að tryggt verði að sú mikilvæga uppbygging og tekjumyndun sem fylgir komum farþegaskipa megi viðhaldast og styrkja og efla áfram starfsemi þeirra liðlega 30 hafna vítt og breytt um landið sem taka á móti farþegaskipum ár hvert.*

7. **Aðgengi tollyfirvalda að rafrænum upptökum í rauntíma - 2410004HA**

Rætt um tillögu að aðgengi tollyfirvalda að rafrænum upptökum í eftirlitsmyndavélum hafna í rauntíma.

8. **Minnisblað Lex legal um rafræn vöktun á hafnarsvæðum og miðlun upplýsinga - 2306001HA**

Lagt fram minnisblað Lex legal, dags. 22. okt. 2024, sem varðar heimildir hafna til rafrænnar vöktunar og miðlunar á efni úr eftirlitsmyndavélum, þar á meðal hvernig og í hvaða formi beri að afhenda gögn úr rafrænni vöktun.

*Samþykkt að senda minnisblaðið á allar aðildarhafnir en jafnframt verður fjallað um efni þess á Hafnasambandsþingi 24.-25. október.*

9. **Erlend samskipti Hafnasambandsins - 2410006HA**

Rætt um erlend samskipti hafna og ákveðið að ræða betur á næsta fundi.

Fundi var slitið kl. 18:15

# Fundargerð 82. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2024, þriðjudaginn 22. október kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Verkefni samtakanna - 2409001SU**

   Rætt var um verkefni komandi vetrar og jafnframt óskað eftir fundi með forstjóra Hafrannsóknastofnunnar.

2. **Loðnubrestur - 2404002SU**

   Rætt um áhrif loðnubrests á íslenskt efnahagslíf.

   Stjórn samtakanna samþykkir eftirfarandi bókun og felur verkefnastjóra að koma henni á framfæri með aðildarsveitarfélögum samtakanna sem og aðra hluteigandi.

   *Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum af áhrifum mögulegs loðnubrests á íslenskt efnahagslíf. Ekki síst gætir áhrifanna hjá íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélögum þar sem uppsjávarvinnsla er ein af meginstoðum atvinnulífsins. Ef ekki verður loðnuvertíð á næsta ári verður það annað árið í röð sem tekjutap af þeim völdum dynur yfir þessi sveitarfélög og samfélagið allt hér á landi. Jafnframt mun það hafa mjög neikvæð áhrif á hagvöxt á næsta ári sem er grafalvarlegt.*
   *Haustmælingar á loðnu gáfu þó vísbendingar um að hægt verði að gefa út upphafskvóta og því leggja Samtök sjávarútvegssveitarfélaga mikla áherslu á að Hafrannsóknarstofnun verði fjárhagslega undir það búin að fara í öflugar bergmálsmælingar í byrjun næsta árs til að hægt sé að ganga úr skugga um hvort ekki sé hægt að heimila þessar þjóðhagslega mikilvægu veiðar. Það er skýlaus krafa sjávarbyggða á Íslandi að ríkisvaldið sjái til þess að jafn mikilvæg stofnun og Hafrannsóknarstofnun sé fullfjármögnuð og gert kleift að halda úti öflugum rannsóknum á fiskistofnum þjóðarinnar til að hægt sé að tryggja sjálfbærar veiðar sem skipta sköpum fyrir íslenskt efnahagslíf.*

Fundi var slitið kl. 08:45

# Fundargerð 83. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2024, þriðjudaginn 29. október kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Samtal með Hafrannsóknarstofnun - 2410001SU**

   Þorsteinn Sigurðsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar kom inn á fundinn undir þessum lið.

   Fór Þorsteinn yfir dreifingu loðnunnar í haust miðað við mælingar og virðist hún vera að dragast saman til suðurs í minna magni en búist var við. Nýjar mælingar eru fyrirhugaðar í janúar. Ekki hefur verið óskað eftir mælingum á veiðiþoli hvala frá Hafró, en vísbendingar benda til fylgni milli hvala og loðnu. Jafnframt fór Þorsteinn yfir verkefni stofnunarinnar og hvernig þau verkefni standa af sér gagnvart fjárveitingum hennar.

   *Stjórn þakkar Þorsteini góða samantekt og leggur áherslu á gott samstarf og samtal við Hafrannsóknarstofnun áfram. Jafnframt vill stjórn beina því til Matvælaráðherra og fjármálaráðherra að mikilvægt er að Hafrannsóknarstofnun fái sérmerkt aukið fjárframlag til loðnuleitar á næsta ári. Samtökin hafa áður vakið athygli á þjóðhagslegu mikilvægi loðnuveiða og því brýnt að hægt sé að ráðast í leit og rannsóknir á þeim stofni á næsta ári án þess að það komi niður á öðrum mikilvægum rannsóknum sem stofnunin er að sinna á öðrum veiðistofnum.*

2. **Stjórn skiptir með sér verkum - 2409001SU**

   Ný stjórn skiptir með sér verkum í samræmi við 10. gr. samþykkta samtakanna.

   Tillaga formanns vegna verkaskiptingar er að Íris Róbertsdóttir verði varaformaður og Fannar Jónasson gjaldkeri samtakanna.

   Tillaga formanns um verkaskiptingu stjórnar samþykkt samhljóða.

3. **Verkefni vetrarins. - 2409001SU**

Rætt var um að fá sérfræðinga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til samtals um útfærslur væntanlegra verkefna.
Formanni og starfsmanni falið að útfæra það nánar fyrir næsta stjórnarfund sem boðaður verður í nóvember.

Fundi var slitið kl. 08:40

# Aðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Haldinn 9. október 2024 kl. 11:30 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2. Reykjavík

## Fundur settur og starfsmenn fundarins kjörnir

Jón Björn Hákonarson, formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hann til að Kristinn Jónsson yrði fundarstjóri og Gréta Mar Jósepsdóttir fundarritari.

Samþykkt samhljóða.

## 1. Skýrsla stjórnar

- Jón Björn Hákonarson fór yfir skýrslu stjórnar.
- Stjórn samtakanna vinnur í þágu aðildarsveitarfélaganna með það að markmiði að gæta hagsmuna þeirra. Mikilvægur þáttur í starfi stjórnarinnar eru umsagnir og vinna sem tengist málum frá ríkisvaldinu. Einnig var unnið að stefnumörkun verkefna eins og Lagareldis og Auðlindinni okkar, auk samantektar á upplýsingum er varða sveitarfélög sem tengjast sjávarútvegi. Stjórnin leggur áherslu á að stuðla að sátt um sjávarútvegsmál innan samfélagsins.
- Formaður gerði grein fyrir Sjávarútvegsfundi samtakanna sem haldinn var 1. desember 2023, sem og vorfundi stjórnar sem fór fram á Austurlandi 11.-12. mars 2023. Einnig var minnst á ferð stjórnarinnar til Færeyja í september 2024. Stjórnin leggur áherslu á að tryggðir verði fjármunir í næstu fjárhagsáætlun samtakanna til frekari greiningar, sem munu nýtast sveitarfélögunum.

## 2. Ársreikningur samtakanna

Fannar Jónsson fór yfir ársreikninga samtakanna fyrir árin 2022 og 2023.

Ársreikningar samtakanna 2022 og 2023 voru lagðir fram til kynningar og staðfestir samhljóma.

## 3. Starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna ásamt ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar

Tillaga um stjórnarlaun 2% af þingfararkaupi á hvern fund fyrir almennan stjórnarmann, 30.516 kr. 3,5% af þingfararkaupi á hvern fund fyrir formann, 53.044 kr. Er þetta í samræmi við það sem gerist hjá öðrum aðildarsamtökum innan Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verður samhljóða tillaga þessi lögð fyrir Samtök orkusveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum.

Lagt var til að þóknun stjórnar breytist úr því að vera krónutala í að vera tengd þingfarakaupi líkt og gert er t.d. hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ákvörðun um árgjald og þóknun stjórnar voru borin upp til samþykktar og voru samþykkt samhljóða

Stjórnin lagði til að árgjöld verði með eftirfarandi hætti:

**Tillaga stjórnar að aðildargjöldum er því eftirfarandi**

- 0-1.000 – 75.000
- 1.001-3.000 – 155.000
- 3.001-5.000 – 225.000
- 5.001+ - 300.000

**Þróun aðildargjalda seinustu ár:**

| Íbúafjöldi: | 0-249 | 250-499 | 500-999 | 1000-1999 | 2000-3999 | 4000+ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Árgjald 2016:* | 50.000 kr. | 100.000 kr. | 150.000 kr. | 200.000 kr. | 300.000 kr. | 400.000 kr. |
| *Árgjald 2017-2024* | 35.000 kr. | 75.000 kr. | 115.000 kr. | 155.000 kr. | 225.000 kr. | 300.000 kr. |

Fjárhagsáætlun var samþykkt ásamt ákvörðunum um árgjald og þóknun stjórnar voru borin upp og voru samþykkt samhljóða.

## 4. Kosning formanns stjórnar, annarra stjórnarmanna og varastjórnar til tveggja ára

Fyrir hönd stjórnar kynnti Jón Björn Hákonarson tillögu að nýrri stjórn, varastjórn og formanni.

Lagt var til að formaður stjórnar yrði Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð og að aðrir stjórnarmenn yrðu: Fannar Jónasson, Grindavíkurbær, Sigfús Ingi Sigfússon, Skagafjörður, Gerður Björk Sveinsdóttir, Vesturbyggð og Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjabær.

Í varastjórn yrðu: Sigurjón Andrésson, Sveitarfélagið Hornafjörður, Heimir Örn Árnason, Akureyrarbær og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Dalvíkurbyggð.

Tillagan borin upp til samþykktar og hún samþykkt samhljóða.

## 5. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara til tveggja ára

Lagt var til að skoðunarmenn reikninga yrðu Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði og Þórdís Sveinsdóttir, sviðstjóri þróunarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til vara er Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tillögur um skoðunarmenn samþykktar samhljóða.

## 4.Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust. Fróðlegar umræður og hugmyndir voru um það hvað samtökin ættu að beita sér fyrir og leggja áherslu á.

Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og sleit fundi.

Fundi var slitið kl. 12:30

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar.

c/o Lilja Ólafardóttir.

Fyrir hönd Hollvinasamtaka Pakkhússins óskum við eftir að fá stutt samtal við Bæjarstjórn á næsta fundi 14/11 2024 ef mögulegt er.

Kveðja.

Jenný Guðmundsd.

Ragnheiður Víglundsdóttir.

**Kristinn Jónasson**

| | |
|---|---|
| **From:** | Örvar Ólafsson <orvar@hh.is> |
| **Sent:** | mánudagur, 14. október 2024 10:13 |
| **To:** | Kristinn Jónasson |
| **Cc:** | Rögnvaldur Ólafsson; Ólafur Rögnvaldsson; Jón Steinar Ólafsson |
| **Subject:** | Forkaupsréttur |

Sæll

Ég Örvar Ólafsson, f.h. Hraðfrystihús Hellissands hf kt:630169-6829 hafnarbakka, Rifi. Býð Snæfellsbæ til forkaups Gunnar Bjarnason SH-122 skrn 2462.
Hafni sveitafélagið forkaupsrétti af Gunnar Bjarnasyni SH verður hann seldur nýjum eiganda.

f.h. Hraðfrystihús Hellissands hf

Örvar Ólafsson

**Bestu kveðjur / Best Regards**

**Örvar Ólafsson**
**Sími: 8922999**

**HRAÐFRYSTIHÚS**
**HELLISSANDS HF**

Snæfellsbær, 10. Október 2024

B.t. Bæjarsjórnar Snæfellsbæjar

Undirrituð, Viktoría Kr Guðbjartsdóttir óskar eftir því við bæjarstjórn Snæfellsbæjar að láta af störfum í Hafnarstjórn Snæfellsbæjar fyrir hönd D – listans.

Með fyrirfram þökk

Viktoría K

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Klettsbúð 4

360 Snæfellsbæ

Snæfellsbæ 02-10-2024

Ágæta bæjarstjórn

Við undirritaðar óska hér með fyrir hönd Félags eldri borgara í Snæfellsbæ eftir niðurfellingu á leigu fyrir félagsheimilið á Klifi vegna afnota fyrir jólabasar sem þar fer fram sunnudaginn 17. nóvember 2024.

Með fyrirfram þökk

Gíslný Guðbjörnsdóttir

Lára Kristinsdóttir

Margrét Þorláksdóttir

Sæunn Ágústsdóttir formaður

**Til bæjarstjórnar**

**Elsta og merkasta stolt okkar bæjarbúa er Ingjaldshólskirkja. Hún er talin elsta steinsteypta kirkja í heiminum svo vitað sé. °Hún er byggð 1903 og var höfundarverk Jóns Sveinssonar byggingarmeistara. Mjög fallegt safnaðarheimilið var byggt fyrir fáum árum og er það bæði bjart og hlýlegt.**

**Hóllinn sem kirkjan stendur á er ævaforn kirkjustaður.°° Talið er að kirkja hafi staðið allt frá árinu 1317 og var hún fram á nítjándu öld þriðja stærsta kirkja landsins. I hólnum á að vera grafið gull og gersamar.**

**Mikill fjöldi ferðamanna kemur til að skoða þennan sögufræga kirkjustað og kirkjuna sem á hólnum stendur, ásamt minnis-steinum um þann merka mann Eggert Ólafsson og Ingibjörgu konu hans.**
**Þar af leiðandi er mikil umferð um veginn og mun hann sennilega vera einn af fjölfarnari vegum í sveitarfélaginu, af ferðamönnum.**

**Smá fróðleikur um merkan stað en umferð að honum er komin að hættu mörkum.**
**Nú er vegurinn upp að kirkjunni orðin svo slæmur að mikil hætta er á að þar verði slys og þarf nauðsynlega að gera úrbætur þar á, áður en eithvað alvarlegt skeður.**

**Þar af leiðandi förum við í safnaðarnefnd Ingjaldshólssóknar fram á að bæjarfélagið ásamt Vegagerðinni geri gangskör í því að laga veginn.**

**Virðingarfyllst:** Samþykkt á aðalfundi 27.okt. 2024

Helgi Þór Sveinsson
Rebekka Unnarsdóttir
Kristinn J Friðþjófsson
Birna Sigurðard.

* Wikipedia 10.sept 2024

** Morgunblaðið 29.sept2024

Outlook

## RE: Dagverðará


**From** Atli Már Ingólfsson <atli@landlogmenn.is>
**Date** Tue 10/29/2024 3:22 PM
**To** Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>
**Cc** Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>


1 attachments (286 KB)
Bréf til Snæfellsbæjar 291012024_II útgáfa óskað skipta.pdf;

Sæl Lilja

Hér er tilraun mín til að þoka þessu máli áfram.

Ég er hér að reyna að sýna Snæfellsbæ fram á að ákvörðun um að synja staðfestingar landskipta á innri merkjum jarðarinna, með vísan til reglugerðar nr. 160/2024 sé ekki reist á réttum sjónarmiðum skv. reglugerðinni og eigi sér ekki stoð í lögum.

Það er að mati okkar hér á Land, sem erum oft að fást við þessar réttarheimildir, að ekki sé rétt þegar fyrir liggur landamerkjalýsing sem stuðst er við og verið er að fjalla um innbyrðis skiptingu jarðar, að setja þá kröfu að áritun aðliggjandi jarða liggi fyrir. Lögin og/eða reglugerðin gera ekki þá kröfu.

Ef þessi afstaða Snæfellsbæjar væri rétt, væri verið að setja öll svona mál í hugsanlegan ágreining við nágranna, þegar alls ekki er verið að fjalla um það land.

Mín reynsla er sú að nágrannar neita oft, án sérstakrar ástæðu að skrifa uppá landamerki, þó ekki sé sérstakur ágreiningur um þau, þar sem í fyrsta lagi þeir þekkja ekki sérstaklega merkin, vilja ekki skrifa uppá eitthvað sem þeir hafa ekki sjálfir látið semja eða kanna eða hugsanlega vilja ekki gera nágranna sínum neina greina, eða eiga á hættu að hafa skrifað uppá eitthvað án þekkingar.

**Því er hér með lýst yfir að ofangreind landskipti fjalla aðeins um innbyrðis merki Dagverðarár og forsendur ytri merkja eru alfarið á ábyrgð eigenda Dagverðarár.**

Ósk eftir því að fomlega verði erindið afgreitt eða að formlegt svar berist þá undirrituðum, sem ígildi stjórnvaldsákvörðunar, sem sé þá kæranleg til æðra stjórnvalds.

Með virðingu

f.h. eigenda Dagverðarár


Bestu kveðjur,
Atli Már Ingólfsson, lögmaður, MBA.
Eigandi

---

LAND
LÖGMENN

LAND LÖGMENN

**Bæjarstjórn Snæfellsbæjar**

**Klettsbúð 4**

**360 Snæfellsbæ**

Kópavogur 29. október 2024

**EFNI: Óks um staðfestingu landskipta skv. 48. gr. laga nr. 123/2010 – Dagverðará Snæfellsbæ**

Vísað er til erindis undirritaðs lögmanns dags. 6. mars 2024. Einnig er vísað til svars Lilju Ólafsdóttur, bæjarritara f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar dags. 13. maí 2024, þar sem ósk um staðfestingu landsskipta var hafnað að sinni.

Í erindi bæjarstjórnar var vísað til þess að hvað varðar jörðina Miðvelli, sem liggur austan Dagverðarár, séu í skráðar tvær mismunandi landamerkjalínur hjá HMS. Ganga verði frá merkjalýsingu í fullu samræmi við reglugerð nr. 160/2024 um merki fasteigna og þurfi að afla undirritana þeirra sem eigi aðliggjandi jarðir við Dagverðará. Muni bæjarstjórn ekki taka afstöðu til innri uppskiptingar jarðarinnar Dagverðará fyrr en undirrituð gögn berist frá aðliggjandi jörðum.

Undirritaður lögmaður telur að afstaða Snæfellsbæjar byggist á misskilningi og rangri túlkun á réttarheimildunum, þ.e. lögum nr. 6/2001 um skráningu, merki og mat fasteigna og reglugerð nr. 160/2024. Ég ætla hér í nokkrum orðum að reyna að lýsa nánar þessum atriðum og vonast eftir og óska eftir því að Snæfellsbær erndurkoði afstöðu sína í kjölfarið og fjalli efnislega um ósk umbjóðenda minna um staðfestingu landskiptanna. Áhersluatriði mín í viðkomandi lögum og reglugerð eru undirstrikuð og feitletruð á einum stað.

Með breytingu á lögum nr. 6/2001 bættist við ný lagagrein í lögin 6. gr. a svohljóðandi;

- **[6.gr.a.**
  ☐ Eigandi skal gera merkjalýsingu um fasteign sína og láta draga upp merkin með hnitum, enda liggi ekki fyrir þinglýst og glögg afmörkun. Merkjalýsing skal árituð um samþykki eigenda aðliggjandi fasteigna.
  ☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu merkjalýsingar sem gerðar hafa verið í samræmi við eldri lög og þinglýst fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu þar til ný merkjalýsing hefur verið gerð, sbr. 6. gr. b.
  ☐

Í frumvarpi því sem varð að þessari lagabreytingu, „frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignaráð og nýtingu fasteigna", sem urðu að lögum nr. 74/2022, segir:

> *Um a-lið (6. gr. a).*
> *Í 1. mgr. er mælt fyrir um almenna skyldu eigenda lands og lóða, innan og utan þéttbýlis og hverju nafni sem þær nefnast, til að gæta að skráningu merkja fyrir fasteignir sínar. Að því er varðar land utan þéttbýlis má rekja slíka skyldu eigenda til eldri landamerkjalaga, frá árunum*

*1882 og 1919. Innan þéttbýlis má rekja sambærilega skyldu til lagasetningar til 1914. Áritun um samþykki eigenda aðliggjandi lands er að sjálfsögðu nauðsynleg til staðfestingar á viðkomandi merkjum, ella er lýsingin einhliða. (þessi áritun liggur fyrir í landamerkjalýsingu fyrir Dagverðará, insk höf)*

*Ákvæðið felur í sér þá viðbótarskyldu til handa eigendum að draga upp merkin með hnitum, enda liggi ekki fyrir þinglýst og glögg afmörkun. Krafa um uppdrátt og hnitsetningu á ekki við nema að því marki sem breytingar eigenda kalla á nýja merkjalýsingu, að hluta eða í heild, sbr. 2. mgr. og 5. gr. b. Lögformlegar merkjalýsingar sem gerðar voru á grundvelli eldri laga, einkum skjöl sem oft hafa verið nefnd landamerkjabréf eða landamerkjalýsingar, halda því gildi sínu enda þótt þeim fylgi hvorki uppdráttur né hnit.*

*Í 3. mgr. kemur fram sú grundvallarbreyting frá lögum um landamerki o.fl., nr. 41/1919, að áhersla færist frá lýsingu merkja í texta, með mið af staðháttum og sýnilegum landamerkjum (manngerðum eða náttúrulegum), og yfir í uppdrætti og hnit. Einungis er skylt að halda við merkjum eða setja ný ef hnit hafa ekki verið tekin og merkin eru óglögg frá náttúrunnar hendi. Þrátt fyrir að tilkoma nýrrar staðsetningartækni hafi dregið úr þörfinni á að setja upp sýnileg merki á eignamörkum geta slík merki þó haft þýðingu sem eins konar tilkynning til eigenda aðliggjandi fasteigna og þriðja manns. Í 2. mgr. 15. gr. landskiptalaga, nr. 46/1941, er kveðið á um að séu skráð landamerki færð til af mannavöldum, eða önnur lík merki sett upp, er valdið geta ruglingi, varði það sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Þá skal þess getið að þegar um er að ræða viðhald manngerðra landamerkja sem gert er ráð fyrir að náð hafi 100 ára aldri ber að taka tillit til ákvæða laga um menningarminjar, nr. 80/2012.*

*Í 1. tölul. k-liðar 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að setja reglugerð um nánari tilhögun viðhalds og merkjasetningar.*

*Um b-lið (6. gr. b).*

*Ákvæði 1. mgr., um skyldu til að leita samþykkis sveitarstjórnar vegna skipta, sameiningar eða breyttra merkja fasteignar, á rætur að rekja til 1. mgr. 48. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Árétting á efni þess er sett hér inn til að hlutverk þeirra sem að þessum málum koma og samhengi heildarferlisins sé skýrt. Í 14. gr. þessa frumvarps er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á 48. gr. skipulagslaga, sjá nánar í skýringum við þá grein.*

Í samræmi við heimild sem getið er um hér að ofan um setningu reglugerðar, hefur ráðherra sett reglugerð nr. 160/2024 um merki fasteigna.

Geta má sér þess til, að í erindi Snæfellsbæjar frá 13. maí 2024, þar sem vísað er til þess að umbjóðendur mínir eigi að fara eftir ákvæðum reglugerðar 160/2024 og að erindið verði ekki afgreitt fyrr en aflað hafi verið áritunar aðliggjandi jarða, sé verið að vísa til ákvæða 6. og 7. gr. reglugerðarinnar, sjá eftirfarandi ákvæði;

*6. gr.Skylda til að gera merkjalýsingu.*

*Skylt er að gera merkjalýsingu þegar ný fasteign er stofnuð eða sameinuð annarri, þegar merkjum eldri fasteigna er breytt eða þegar merki eru mæld upp og hnitsett að nýju. Þá er einnig skylt að gera merkjalýsingu ef merki eru óglögg eða óljós, einnig skal gera merkjalýsingu ef sameignarlandi er skipt í séreignahluta. Tilgangur merkjalýsingar er að skýra hver merki eignar eru, hvaða landeignir eiga merki saman, hvert eignarhlutfall er í séreignar- og sameignarskikum ásamt því að lýsa réttindum, ítökum og kvöðum fasteigna. Merkjalýsingu er ætlað að samræma og formfesta vinnubrögð merkjalýsenda.*

*Merkjalýsing skal gerð samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og nánari leiðbeiningum útgefnum af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Landmælingum Íslands. Mælingar og lýsing eignamarka skulu framkvæmdar af aðila sem hefur fengið leyfi ráðherra sem merkjalýsandi, sbr. IV. kafla. Dagsetning merkjalýsingar ræðst af því hvenær merkjalýsandi býr hana til útgáfu og undirritunar.*

*7. gr.Samþykkt merkjalýsinga.*

*Merkjalýsandi skal staðfesta merkjalýsingu og að upplýsingar í henni séu efnislega réttar með undirritun sinni. Þá skal merkjalýsing einnig undirrituð af þeim sem eiga fasteignir sem merki merkjalýsingar taka til sem og aðliggjandi fasteignir.*

***Ekki þarf undirritun eiganda ef um er að ræða skiptingu fasteignar í eigu sama aðila sem ekki breytir mörkum hennar gagnvart fasteignum í eigu annarra aðila.***

*Samþykkt sveitarfélags í samræmi við 48. gr. skipulagslaga er forsenda þess að merkjalýsing er staðfest.*

Í þessu tilviki er ekki verið að breyta merkjum aðliggjandi fasteigna, heldur aðeins innri merkjum, eins og kemur fram í *dómi Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. E-68/2024* sem fjallar um og staðfestir rétt sameigenda Dagverðarár til að fá eignarhlutum sínum úr jörðinni Dagverðará, **fastanúmer 211-3930, landnúmer 136-271** skipt út. Einnig er fjallað um þetta í landskiptagjörð fyrir jörðina Dagverðará, í formi matsgerðar dómkvaddra matsmanna, ásamt korti og fylgiskjali Sigurgeirs Skúlasonar landfræðings, sem áður hefur verið send til Snæfellsbæjar.

Ég árétta að umbjóðendur mínir hafa áður þurft að fara í dómsmál til að fá rétt sinn viðurkenndan til skiptingar á jörðinni. Ég hef einnig þurft að finna til heimildir um landamerkjalínur aðliggjandi jarða og hef við þá leit komist að því að landamerki aðliggjandi jarða eru glögg og þeim er rétt lýst í landskiptagjörð matsmanna.

Ég lít svo á að skv. lögum sé ekki lagaskylda eða skilyrði, þegar sameignarlandi er skipt innbyrðis, að leita eftir áritun ytri merkja jarðarinnar sem skiptin ná til. Þar með væri allt of þung byrði lögð á þá sem vinna að skiptingu lands síns. Reynsla mín sýnir að þó aðliggjandi jarðir hafi nánast engar athugasemdir, vilja landeigendur oft ekki undirrita neitt, sem þeir ekki þekkja. Ég tel að undirritaða og feitletraða ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 160/2024 eigi hér fortakslaust við og ekki sé hægt að gera kröfur um áritun aðliggjandi jarða. Ekki er verið að breyta ytri merkjum Dagverðarár.

Því er hér lýst yfir að litið er svo á að engar breytingar séu á ytri merkjum jarðarinnar gagnvart aðliggjandi jörðum. Ákvæði reglugerðar nr. 160/2024 leggja ekki á herðar umbjóðenda minna skyldu til að leita áritunar aðliggjandi jarðar og óheimilt er að setja slíkt skilyrði fyrir efnislegri umfjöllun um skiptin, sem óskað hefur verið.

Snæfellsbær tekur enga afstöðu til ytri merkja jarðarinnar með umfjöllun um innri skiptingu hennar. Staðfesting Snæfellsbæjar ef hún fæst samþykkt á landskiptunum, hefur ekki áhrif á ytri merkin. Ef ágreiningur rís um þau, fer slíkt mál í ferli hefðbundins landamerkjamáls, eftir nýlegum breytingum til ágreinings til sýslumanns og svo til dómstóla ef málið sættist ekki áður.

Ég legg áherslu á það að kröfur um áritun, sem stundum virðast sjálfsagðar, þurfa að eiga sér lagastoð. Umbjóðendur mínir hafa þegar orðið fyrir miklum kostnaði við skiptin frekari tafir á þeim, kosta þá bæði fjármuni og tíma. Aðilar verða ekki neyddir til að leita áritunar á landskiptin frá aðliggjandi jörðum ef þegar liggja fyrir lýsingar merkja sem stuðst er við. Geri einhver nágranni athugasemdir við þetta er

það þá þeirra að fá úr því skorið. Þessi innbyrðis skipting hefur ekki áhrif á ytri merki, ef annað reynist rétt, sem ég tel ekki, þá breytir staðfesting Snæfellsbæjar hér engu um það.

Með vísan til niðurstöðu dóms Héraðsdóms Vesturlands í máli E-68/2024 er þess hér með farið á leit við Snæfellsbæ að ofangreind skipti, sem fram koma í niðurstöðum dómkvaddra matsmanna og nánar er lýst á meðfylgjandi korti, verði staðfest. Hæg er að hafa samband við undirritaðan lögmann ef óskað er frekari upplýsinga eða gagna í málinu, atli@landlogmenn.is eða í síma 546-4040.

Atli Már Ingólfsson, lrl.

Áður send gögn:

a. Dómur Héraðsdóms Vesturlands í máli E-68/2024
b. Matsgerð dómkvaddra matsmanna dags. 13. október 2022.
c. Kort Sigurgeirs Skúlasonar, dómkvadds matsmanns og landfræðings, dags. 26. september 2022.
d. Fylgiskjal við kort Sigurgeris Skúlasonar, með samtölum yfir stærðir útskiptra jarðarparta.

Efni: Beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta árið 2025

Reykjavík, 30. október 2024

Ágæta sveitarstjórnarfólk,

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn og nú leitum við til ykkar. Rétt er að taka fram að öll þjónusta Stígamóta við brotaþola er ókeypis.

Árið 2023 leituðu 835 einstaklingar til Stígamóta sem brotaþolar kynferðisofbeldis. Þar af voru 376 að koma á Stígamót í fyrsta skipti. Síðan Stígamót voru stofnuð árið 1990 hafa um 11.000 einstaklingar leitað til okkar en síðustu ár hefur orðið mikil aukning í ásókn og rekjum við það til þess að umræða hefur opnast um kynferðisbrot og afleiðingar þess.

Nokkur árangur varð af því að vinna niður biðlista árið 2023 en 179 einstaklingar voru á biðlista í lok ársins 2023 og styttist enn á árinu 2024. Við bættum við stöðugildi ráðgjafa auk sumarstarfsfólks en fólk hikar oft við að skrá sig á biðlista og geta þeir því komið í veg fyrir að fólk leiti til okkar. Heildarfjöldi viðtala árið 2023 voru 3.264 og alls voru reknir 10 sjálfshjálparhópar fyrir brotaþola ofbeldis. Stígamót bjóða upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa fyrir brotaþola kynferðisofbeldi af öllum kynjum óháð fötlun og uppruna. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur.

Árið 2022 opnaði Stígamót nýja þjónustu sem heitir *Sjúkt spjall* en það er nafnlaust netspjall fyrir ungmenni 13-20 ára um sambönd, samskipti og ofbeldi. Stígamót fóru af stað með forvarnaverkefnið *Sjúk ást* fyrir tæpum sjö árum síðan og var það alveg ljóst að samhliða því vantaði lágþröskuldaþjónustu fyrir ungmenni þar sem þau gætu tjáð sig um reynslu sína í trúnaði. Sjúkt spjall svarar því ákalli en frá opnun í mars 2022 hafa um fimm hundruð ungmenni alls staðar af landinu haft samband, meirihlutinn vegna reynslu af ofbeldi. Þau lýsa mörg grófu andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi og við sjáum líka skýrt mynstur ofbeldis í nánum samböndum þrátt fyrir mjög ungan aldur. Þrátt fyrir að ráðgjafarþjónusta Stígamóta sé fyrir 18 ára og eldri þá sýna tölur okkar, sem við höfum safnað í 34 ár, að 50-70% okkar fólks varð fyrir kynferðisofbeldi í fyrsta sinn fyrir 18 ára aldur. Það kemur okkur því ekki á óvart að mikil þörf sé fyrir Sjúkt spjall. Það er þó sláandi að sjá hvað ungmennin eiga oft erfitt með að skilgreina reynslu sína sem ofbeldi og hvað þeim þykir erfitt að segja frá í nærumhverfi sínu – þannig sitja þau oft ein árum saman í skömm, sektarkennd og þögn. Sjúkt spjall getur orðið þeirra fyrsta skref til að rjúfa einangrunina og fá aðstoð.

Síðustu tvö ár höfum við einnig lagt metnað í að miðla nýjustu og bestu þekkingunni um ofbeldi, afleiðingar þess og samfélagslegar leiðir fram á við. Við höfum haldið ráðstefnur fyrir fagfólk og eflt mjög fræðslu á samfélagsmiðlum.

Rekstur Stígamóta er háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Við skorum á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Með vinsemd og virðingu,
Drífa Snædal, talskona Stígamóta

## Kristinn Jónasson

| | |
|---|---|
| **From:** | Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@syslumenn.is> |
| **Sent:** | fimmtudagur, 31. október 2024 12:00 |
| **To:** | Kristinn Jónasson; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Ragnar Már Ragnarsson; Valgerður Hlín Kristmannsdóttir; 'Heilbrigdiseftirlit Vesturlands'; slökkvilid@snb.is; Vinnueftirlitið - VER; 'vesturland@logreglan.is' |
| **Cc:** | ingibjorg.norberg@gmail.com |
| **Subject:** | Umsb. rek.G.II-Nesbúð, Jaðar 16, Breiðuvíkurhrepp,Snæfellsbæ |
| **Attachments:** | umsb.rek.G.II-Nesbúð, Jaðar 16, Snæfellsbæ_2024071923.pdf; Rekstrarleyfi notendagögn.pdf; teikning_utisvaedi_2024-10-24.pdf; teikning_husnaedi_2024-10-24.pdf |

Til umsagnaraðila
Embætti sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist rafræn umsókn Ingibjargar Norberg kt.150245-2579, um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, sem rekið verður sem Nesbúð, Jaðri 16, Breiðuvíkurhrepp, Snæfellsbæ

Hjálagt fylgja notendagögn, teikningar og umsagnarbeiðni.

Hér með er óskað umsagna frá viðtakendum þessa pósts.

Kveðja,
Daðey.

Með kveðju / Best regards
**Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs**
Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland
Heimilisfang / Address: Kirkjubraut 28 • 300 Akranes • Iceland
beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352
Sími / Tel.: +(354) 458 2300
Vefur / URL: www.syslumenn.is • Fyrirvari - Disclaimer | Sýslumenn (island.is)

**Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur**

**Sýslumenn**
Sýslumaðurinn á
Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlitið
Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2024-071923
Akranesi, 30. október 2024

# Umsagnarbeiðni - Gistileyfi

**Umsækjandi:** Ingibjörg Norberg, kt. 150245-2579, Nesbali 52, 170 Seltjarnarnesi,

**Forsvarsmaður:** Ingibjörg Norberg kt.150245-2579 **Sími: 8992727** . **Netfang: ingibjorg.norberg@gmail.com**

**Tegund umsóknar:** - Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II , tegund H-Frístundahús

**Heiti staðar:** **Nesbúð,**

**Staðsetning:** Jaðar 16, Breiðuvíkurhrepp,
356 Snæfellsbæ.

| Heiti fasteignar: | Fasteignanúmer: | Rýmisnúmer: | Hámarksfjöldi gesta: |
|---|---|---|---|
| Jaðar 16, | 2114148 | 010101 | 6 |

**Hámarksgestafjöldi:** 6 gestir.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðni þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda**

**Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@syslumenn.is.** Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Daðey Þóra Ólafsdóttir,
sviðsstjóri þjónustusviðs

# SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Snæfellsbæ.

## I.Kafli.

### *Almenn ákvæði.*

1.gr.
**Gildissvið.**

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs í Snæfellsbæ.

Meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu skal vera í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

Um orðskýringar vísast til skilgreininga skv. 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og 3. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

2.gr.
**Markmið.**

Markmið samþykktar þessarar er að meðhöndlun úrgangs í Snæfellsbæ valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, stuðla að endurnotkun og endurnýtingu, lágmörkun kostnaðar samfélagsins og góðri þjónustu við íbúa.

Fyrirkomulag söfnunar og meðhöndlunar úrgangs skal stuðla að því að markmiðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs , reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi 2022-2033 verði náð í sveitarfélaginu, þ.m.t. töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu.

Horft verður til úrgangsþríhyrningsins í meðhöndlun úrgangs, áhersla lögð á úrgangsforvarnir og mengunarbótareglan – sá geldur sem veldur - höfð að leiðarljósi við ákvörðun um gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs.

3.gr.

**Umsjón, eftirlit og fræðsla.**

Snæfellsbær getur sinnt sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs á eigin vegum en er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar á heimilisúrgangi, rekstur grenndarstöðva og söfnunarstöðvar og flutning úrgangs til meðhöndlunar og förgunar.

Snæfellsbær hefur daglegt eftirlit með því að framkvæmd úrgangsmála sé í samræmi við ákvæði samþykktarinnar og hefur reglulegt samráð við verktaka og aðra sem koma að meðhöndlun úrgangs um leiðir til að bæta þjónustu og auka árangur í málaflokknum.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og 9., 14. gr. og 15. gr. reglugerðar nr. 803/2023, um meðhöndlun úrgangs, og að farið sé að samþykkt þessari.

Snæfellsbær skal sjá til þess að upplýsingaefni um úrgangsforvarnir og rétta meðhöndlun úrgangs sé aðgengilegt og fræða almenning og aðra úrgangshafa í sveitarfélaginu um úrgangsmál.

## *II. kafli*

## *Fyrirkomulag söfnunar við heimili.*

4.gr.

### Flokkun heimilisúrgangs og sorpílát við heimili.

Sú skylda hvílir á handhafa úrgangs að flokka úrganginn og setja hann í rétt söfnunarílát, eða að öðrum kosti koma honum til viðeigandi meðhöndlunar á grenndarstöð eða söfnunarstöð. Heimilisúrgang skal flokka í að lágmarki sjö flokka sem óheimilt er að setja í ílát fyrir blandaðan úrgang:

1. Lífúrgang (þ.m.t. matarleifar). Lífúrgang skal setja í pappírspoka áður en hann er settur í sorptunnu. Bæjarstjórn getur ákveðið að bjóða íbúum að sækja um þátttöku í reynsluverkefni um heimajarðgerð, í stað þess að safna lífúrgangi í sérílát.
2. Pappír/pappi
3. Plast
4. Textíll
5. Málmar
6. Gler
7. Spilliefni

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja úrgang sem fellur til við heimilishald, en þó ekki rúmfrekan garðaúrgang, textíl, gler, málma, raf- og rafeindatæki og timburumbúðir. Óheimilt er að setja spilliefni eða annan hættulegan úrgang í ílátin. Tekið er á móti gleri, málmum og textíl á grenndarstöðvum eða á söfnunarstöð samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

Sveitarfélagið útvegar öllum íbúðarhúsum í sveitarfélaginu ílát til flokkunar úrgangs. Að lágmarki skulu vera ílát fyrir fjóra flokka úrgangs við hvert íbúðarhús. Stærð íláta við hvert heimili er að jafnaði eftirfarandi:

a. 240 lítra tunna fyrir pappír og pappa,
b. 240 lítra tunna fyrir plast,
c. 35 lítra innra ílát fyrir lífúrgang
d. 240 lítra tunna fyrir blandaðan heimilisúrgang.

Fasteignareigandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað ef hann sér fram á að þau yfirfyllist eða óskað eftir annarri stærð íláta, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt þessari, gjaldskrá sveitarfélagsins eða öðrum fyrirmælum, enda greiði hann umsýslugjald, auk gjalds samkvæmt fjölda og stærð íláta, í samræmi við gjaldskrá, sbr. 14. gr. samþykktarinnar. Í undantekningartilvikum, einkum ef erfitt reynist að koma fyrir fjórum sorpílátum á lóð, geta húsráðendur óskað eftir tvískiptri 240 lítra tunnu fyrir blandaðan úrgang og lífúrgang eða annarri breytingu, t.d. á stærð íláta, í samræmi við það sem bæjarstjórn hefur heimilað.

Leitast skal við að hafa eins fá sorpílát við fjölbýli og nauðsynlegt er. Í fjöleignarhúsum þar sem sorpgeymslur og sorpílát eru samnýtt skulu ákvarðanir um fjölda og stærð íláta teknar í samræmi við lög um fjöleignarhús. Sveitarfélagið getur þó ákveðið fjölda og stærð íláta telji það að rými fyrir úrgang sem fellur til sé ófullnægjandi eða stærð íláts henti illa til hirðu.

**5. gr.**

**Söfnun frá heimilum í þéttbýli og dreifbýli.**

Við íbúðarhús í dreifbýli og þéttbýli og hjá lögaðilum í þéttbýli skal sérstök söfnun fara fram á sem aðgengilegastan hátt, og í samræmi við 10. gr. laga nr. 55/2003 og reglugerð nr. 803/2023, um meðhöndlun úrgangs, þ.e. á pappír og pappa, plasti, lífúrgangi og blönduðum úrgangi.

Söfnun heimilisúrgangs frá heimilum í þéttbýli og dreifbýli sveitarfélagsins fer fram í samræmi við hirðuáætlun (sorphirðudagatal) sem staðfest er af sveitarfélaginu. Hirðuáætlun skal kynnt íbúum og vera aðgengileg á vefsvæði sveitarfélagsins og verktaka. Hirðutíðni getur verið breytileg eftir úrgangsflokkum og árstíma.

Sveitarfélagið getur heimilað frávik frá hirðuáætlun vegna sérstakra aðstæðna. Slík frávik skulu auglýst eða tilkynnt íbúum með hæfilegum fyrirvara. Skal þá sá sem hefur úrgang í sinni vörslu sinna skyldum sínum samkvæmt samþykkt þessari, á auglýstum tíma, eins og um losun samkvæmt áætlun væri að ræða. Úrgang sem rúmast ekki í samþykktri áætlun getur húsráðandi losað á eigin kostnað á söfnunar- og móttökustöð eða á grenndarstöð.

**III.Kafli**

***Úrgangur frá lögaðilum.***

6. gr.

**Fyrirtæki og stofnanir.**

Rekstraraðilum er skylt að koma úrgangi sem fellur til við reksturinn í viðeigandi meðhöndlun, í samræmi við lög nr. 55/2003 með síðari breytingum, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023 og ákvæði þessarar samþykktar, og bera þeir allan kostnað af söfnun og meðhöndlun hans.

Gert er ráð fyrir því að rekstraraðilar semji við verktaka um að annast söfnun og meðhöndlun úrgangs. Þjónustuaðilar sem sinna söfnun heimilisúrgangs hjá rekstraraðilum skulu hafa til þess starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Þjónustuaðili skal skila tölulegum upplýsingum um tegundir úrgangs og magn, uppruna og ráðstöfun í samræmi við 19. gr. laga nr. 55/2003.

Rekstraraðilar eða eigandi fasteignar þar sem atvinnurekstur fer fram skulu sjálfir útvega sorpílát sem uppfylla kröfur 4. gr. þessarar samþykktar um flokkun heimilisúrgangs sem til fellur í starfsemi þeirra og sjá til þess að þau séu lagfærð og endurnýjuð eftir þörfum. Rekstraraðilar skulu fylgja kröfum sem gerðar eru um flokkun úrgangsflokka, sem er sérsafnað í sveitarfélaginu, frá blönduðum úrgangi og öðrum rekstrarúrgangi. Eftir því sem við á gilda ákvæði samþykktar þessarar einnig um rekstraraðila, þ.m.t. ákvæði um frágang og geymslu úrgangs.

Aðstaða skal vera á lóð rekstraraðila fyrir ílát undir þá úrgangsflokka heimilisúrgangs sem til falla við starfsemina og tilgreindir eru í 1. mgr. 4. gr. Rekstraraðilar skulu semja við verktaka um sérstaka söfnun heimilisúrgangs sem til fellur í starfseminni. Tryggt skal að fjöldi íláta sé í samræmi við flokkun sem nauðsynleg er og að ílátin rúmi þann úrgang sem fellur til við viðkomandi rekstur milli tæminga.

Telji sveitarfélagið eða heilbrigðiseftirlitið meðhöndlun heimilisúrgangs hjá rekstraraðila ekki samræmast lögum, reglugerðum eða samþykkt þessari er sveitarfélaginu heimilt að ákveða fjölda íláta og flokkun og sjá um hirðu heimilisúrgangs hjá viðkomandi rekstraraðila og innheimta sorphirðugjald.

7. gr.

**Rekstrarúrgangur.**

Óheimilt er að geyma rekstrarúrgang á lóðum lengur en nauðsynlegt er. Ef úrgangur er geymdur á lóð skal tryggt að ekki stafi af því óhollusta, óþrifnaður eða hætta. Staðsetning gáma undir úrgang skal vera í samræmi við stöðuleyfi eða ákvæði deiliskipulags.

Fyrirtæki og stofnanir skulu flokka rekstrarúrgang þannig að hámarka megi undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu. Rekstraraðilum er skylt að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang að lágmarki í eftirtalda flokka:

1. Spilliefni
2. Timbur
3. Steinefni
4. Gler
5. Málma
6. Plast
7. Gifs

Minni rekstraraðilum er heimilt að nýta söfnunarstöð sveitarfélagsins til að skila flokkuðum rekstrarúrgangi en þeir skulu greiða fyrir alla móttöku úrgangs skv. gjaldskrá. Rekstraraðilum er óheimilt að nýta grenndarstöðvar eða ruslabiður sem sveitarfélagið rekur til afsetningar á úrgangi.

Rekstraraðilum ber að koma rekstrarúrgangi sem ber framleiðendaábyrgð í viðeigandi meðhöndlun. Þetta á m.a. við um veiðarfæraúrgang sem úrgangshafa ber að skila í móttökustöð fyrir slíkan úrgang.

Um mengaðan jarðveg og viðeigandi meðhöndlun fer skv. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

## IV. kafli

***Grenndar- og söfnunarstöðvar.***

8. gr.

**Grenndarstöðvar.**

Bæjarstjórn getur ákveðið mismunandi þjónustustig á grenndarstöðvum sem taki mið af mismunandi aðstæðum og vegalengd frá söfnunar- og móttökustöð.

Á grenndarstöðvum, sem staðsettar eru á aðgengilegum stöðum í þéttbýli, er tekið á móti málmum, gleri og textíl frá heimilum og eftir atvikum fleiri úrgangsflokkum samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar (minni grenndarstöðvar). Bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að á grenndarstöðvum í dreifbýli eða þéttbýli (stærri grenndarstöðvar) verði einnig tekið á móti lífrænum úrgangi, málmum, gleri og blönduðum heimilisúrgangi frá heimilum í dreifbýli og frístundahúsum.

Einnig getur bæjarstjórn ákveðið að textíl og skilagjaldsskyldum drykkjarvöruumbúðum sé heimilt að skila í sérstaka söfnunargáma á aðgengilegum stöðum í sveitarfélaginu eða á söfnunarstöð.

Óheimilt er að losa annan úrgang á grenndarstöð en þá flokka úrgangs sem tilgreindir eru með merkingum á hverri stöð. Einnig er óheimilt að skilja úrgang eftir utan við gáma á grenndarstöðvum.

9. gr.

**Söfnunarstöð.**

Móttaka á flokkuðum úrgangi sem ekki er heimilt að setja í sorpílát fyrir heimilisúrgang, er á söfnunarstöð (gámastöð) sveitarfélagsins við Ennisbraut í Ólafsvík. Þaðan er flokkaður úrgangur fluttur til endurnýtingar eða förgunar.

Greiða skal fyrir móttöku úrgangs samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur. Gjaldtaka er samkvæmt rúmmáli úrgangs, nema annað sé ákveðið af bæjarstjórn, en ekki er tekið gjald fyrir móttöku úrgangs sem ber framleiðendaábyrgð, nytjahluti og textíl.

Á söfnunarstöð er að lágmarki tekið á móti eftirtöldum úrgangsflokkum frá heimilum og minni rekstraraðilum:

1. Plasti
2. Pappír og pappa
3. Flokkuðum byggingar- og niðurrifsúrgangi, sbr. 2. mgr. 7. gr.
4. Málmum og brotajárni
5. Gleri
6. Viðarumbúðum
7. Raftækjum og rafeindatækjum
8. Rúmfrekum úrgangi
9. Hjólbörðum
10. Spilliefnum

10. gr.

**Söfnunarílát eða söfnunaraðstaða félagasamtaka.**

Snæfellsbæ er heimilt að veita félögum sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, leyfi til söfnunar á tilteknum flokkum heimilisúrgangs í sveitarfélaginu, s.s. textíl og skilagjaldsskyldum umbúðum. Skilyrði er að úrgangurinn sé endurnýttur eða endurunninn að hluta eða öllu leyti. Í leyfi skal kveðið á um nánari skilyrði, m.a. uppsagnarákvæði.

Leyfishafi skal gefa sveitarfélaginu skýrslu um magn úrgangs og flokkun hans, fjölda og staðsetningu íláta, meðferð úrgangsins og aðrar þær upplýsingar sem óskað er eftir eigi síðar en 1. mars ár hvert. Leyfishafi skal veita gögn til staðfestingar á meðhöndlun úrgangsins, sé þess óskað. Sinni leyfishafi ekki þeim skyldum sem á hann eru lagðar er sveitarfélaginu heimilt að fella leyfið úr gildi að undangenginni viðvörun.

## V. Kafli

### *Aðstaða til sorphirðu og umgengni.*

11. gr.

**Geymslur og gerði fyrir söfnun úrgangs.**

Húsráðendur skulu sjá til þess að leið að sorpgeymslum og sorpílátum sé greiðfær til sorphirðu, að undirlag á leið frá sorpíláti að götu sé þannig að auðvelt sé að flytja ílátin og hreinsa burt snjó á vetrum. Mælst er til þess að aðkomuleiðir að ílátum undir úrgang séu upplýstar svo ekki skapist hætta fyrir starfsfólk við losun ílátanna.

Sorpílát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu, til dæmis í sorpgerði eða með hentugum festingum og vera þannig staðsett að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrifnaður fyrir umhverfið. Einnig skulu húsráðendur gæta þess að ílát séu lokuð og vel fest eða skorðuð, þannig að ílát eða úrgangur fjúki ekki burt, verði fyrir ágangi dýra eða ílát fyllist af snjó eða regnvatni.

Fasteignareigendum ber að gæta þess að fasteign fylgi nægilega mörg sorpílát og að fylla ekki ílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi farið með umfram magn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins.

Húsráðendur skulu sjá til þess að sorpílát séu hreinsuð reglulega og fylgjast með ástandi þeirra að öðru leyti. Séu sorpílát fest skal það vera með búnaði sem sorphirðumenn eiga auðvelt með að losa. Geymslur og sorpgerði má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Verði ílát fyrir skemmdum skal fasteignareigandi óska eftir nýju íláti. Teljist skemmd stafa af öðrum ástæðum en eðlilegri notkun eða sliti er sveitarfélaginu heimilt að innheimta gjald vegna endurnýjunar íláts.

Sorpílát skulu standa sem næst aðkomu sorphirðubifreiða að lóð þegar losun fer fram. Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta viðbótarlosunargjald samkvæmt gjaldskrá ef draga þarf sorpílát lengra en 15 m frá geymslustað að lóðamörkum, til losunar í hirðubíl.

Þar sem fara þarf með ílát um tröppur skal vera rampur eða skábraut fyrir hjól, sem draga má ílátin eftir. Þar sem fara þarf um lokuð hlið eða dyr getur sveitarfélagið farið fram á að til staðar sé búnaður, t.d. krækjur, til að halda dyrum og hliðum opnum meðan losun fer fram. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorpílátum til losunar.

Lofthæð í manngengri sorpgeymslu skal ekki vera minni en 200 cm og skulu dyr vera nægilega breiðar til að auðveldlega megi fara með sorpílát um þær. Þá skal vera búnaður til staðar til að halda dyrum opnum.

Snæfellsbær getur heimilað sameiginlegt sorpgerði eða -geymslu fyrir aðliggjandi lóðir. Sameiginlegt sorpgerði/-geymsla er háð samþykki byggingarfulltrúa og skal skráð í álagningakerfi sorphirðugjalda sem sameiginleg ef báðir/allir fasteignareigendur óska.

Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs um skyldur fasteignareiganda og frágang sorpgerða og sorpgeymslna.

12. gr.

**Ástæður til að hafna sorphirðu.**

Sveitarfélaginu er heimilt að hafna því að taka á móti úrgangi, hirða og losa sorpílát við eftirfarandi aðstæður:

a. Ílát innihalda úrgang sem ekki á að safna eða flokkun úrgangs er röng.

b. Hindranir eru á leið að ílátum

c. Ílát er yfirfullt, sbr. 3. mgr. 11. gr.

d. Ílát finnst ekki.

e. Ílát eða aðstaða brýtur að öðru leyti í bága við kröfur í lögum, reglugerðum eða samþykkt sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs.

Ef losun er hafnað skal húsráðanda tilkynnt um ástæður þess. Hirða fer þá fram við næstu reglulegu hirðu nema fasteignareigandi semji um annað og greiði fyrir þá aukaþjónustu samkvæmt gjaldskrá.

**VI. Kafli**

***Ýmis ákvæði.***

13. gr.

**Umgengni á almannafæri.**

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu. Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af.

Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra sambærilega hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum, opnum svæðum eða annars staðar á almannafæri.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar skal tilkynna til Heilbrigðisnefndar Vesturlands, sem hlutast þá til um að úr verði bætt. Heimilt er að fjarlægja slíka hluti á kostnað eiganda að undangenginni aðvörun.

14. gr.

**Gjaldtaka og breytingar á fjölda og stærð íláta.**

Bæjarstjórn setur gjaldskrá um söfnun og meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs innheimtist með fasteignagjöldum og alla jafna á sömu gjalddögum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu.

Óski eigandi fasteignar eftir breytingu á fjölda eða stærð íláta tekur breyting á gjaldheimtu gildi frá og með næsta mánuði eftir afhendingu. Sveitarfélagið annast skráningu íláta og skiptingu gjalds á eigendur, gegn greiðslu umsýslugjalds.

Aukagjöld sem lögð eru á samkvæmt heimild í samþykkt þessari innheimtast eftir á, við næstu mánaðamót.

Gjald fyrir móttöku úrgangs á söfnunarstöð er innheimt miðað við magn úrgangs (rúmmál) nema bæjarstjórn ákveði annað.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

15. gr.

**Verklagsreglur og heimild til frávika.**

Bæjarstjórn er heimilt að setja nánari verklagsreglur varðandi meðferð einstakra mála skv. samþykkt þessari, s.s. varðandi óskir um breytingar á ílátum, sameiginleg sorpílát innan lóðar, beiðnir um aukalosun íláta og aðrar óskir íbúa um sveigjanleika í þjónustu. Skulu slíkar verklagsreglur birtar opinberlega.

Skilyrði er að frávik gangi ekki gegn ákvæðum laga nr. 55/2003 og afleiddum reglugerðum, auk þess sem við samþykki frávika skal m.a. horft til þess að safnaður úrgangur fái viðunandi farveg og að fyrirkomulag söfnunar stuðli að því að markmiðum samþykktar þessarar verði náð. Sé óskað samþykkis frávika frá einstökum ákvæðum samþykktar þessarar skal rökstuddri beiðni þar að lútandi beint til umhverfis- og eignasviðs eða samkvæmt nánari leiðbeiningum í verklagsreglum eða á vefsíðu bæjarins.

16. gr.

**Kvartanir, ábendingar og kærur.**

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun eða ábendingu varðandi framkvæmd úrgangsþjónustu skal hann koma henni til skrifstofu sveitarfélagsins eða snúa sér til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Brjóti húsráðandi gegn ofangreindum ákvæðum eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt samþykkt þessari, er sorphirðuaðila heimilt að hafna losun eða móttöku úrgangs og setja merkingu á ílát þar sem fram kemur skýring á höfnun, sbr. ákvæði 12. gr. samþykktarinnar. Ítrekuð brot skal sorphirðuaðili tilkynna til sveitarfélagsins og skal viðkomandi fasteignareigandi þá áminntur skriflega að undangengnum andmælarétti og óskað úrbóta af hans hálfu. Heimilt er í gjaldskrá að ákveða aukagjald vegna slíkra brota, svo sem ef fara þarf aukaferð til að hirða sorp að loknum úrbótum.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli samþykktar þessarar sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

17. gr.

**Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög.**

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

18. gr.

**Gildistaka.**

Samþykkt þessi, sem hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, var samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar xx.. október 2024. Samþykktin staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Orkusalan ehf. kt 560306-1130, Urðarhvarfi 8, 203 Kópavogi (hér eftir nefnd „seljandi") og Snæfellsbær., Kt. 510694-2449, Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ (hér eftir nefnd „kaupandi"), gera með sér svohljóðandi samning:

# Samningur

## Rafmagn til fjarvarmaveitna

*Formáli:*

*Kaupandi hefur kynnt fyrir seljanda áætlun um breytingar á rekstri fjarvarmaveitunnar sem tryggir áframhaldandi rekstrargrundvöll hennar á forgangsorku. Náðst hefur árangur í samræmi við áætlunina og stefnt að því að veitan verði að fullu rekstrarhæf á forgangsorku við lok þessa samnings, eða í lok árs 2028.*

## 1. Almenn ákvæði

Samningur þessi er gerður vegna rafhitunar á vatni til húshitunar í fjarvarmaveitum eða sambærilegri húshitunarstarfsemi á svæðum þar sem ekki er hitaveita (köldum svæðum). Skilyrði er að notandi rafmagnsins geti hætt notkun fyrirvaralaust að ósk seljanda og því mikilvægt að kaupandi geti gripið til annarra orkugjafa eða geti þolað skerðingu á rafmagni í starfsemi sinni.

Viðskiptavinur staðfestir að hafa kynnt sér og samþykkt viðskiptaskilmála Orkusölunnar, sem um samninginn gilda eins og þeir eru hverju sinni og birtir eru á vefslóðinni orkusalan.is/vidskiptaskilmalar.

Rafmagn sem afhent er á grundvelli samnings þessa er skerðanlegt hvenær sem er og af hvaða ástæðu sem er og er því ekki um forgangsrafmagn að ræða.

## 2. Skilgreining afhendingar

Notkunarstaðir og kennitölur mælistaða, sbr. reglugerð nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar, 2. greinar, eru samkvæmt samningi þessum

| **Heiti** | **Kt.mælist.** |
|---|---|
| Snæfellsbær, Engihlíð Ólafsvík | 10321692 |
| Snæfellsbær, sundlaug Hellissandi | 10347449 |

## 3. Skilgreining vöru og áætlað magn

Varan sem viðskiptavinur kaupir samkvæmt samningi þessum felst í:

Raforka (kWst) samkvæmt orkumælingum.

Hámarks afltoppur 350 kW

Áætluð ársnotkun 1.800.000 kWst.

Áætluð ársnotkun er til viðmiðunar og án skuldbindinga.

Raforka samkvæmt samningi þessum má einungis nýta á katla á þeim notkunarstöðum sem tilgreindir eru í 2. gr.

## 4. Áætlanir

Ef orkukaup stöðvast vegna bilunar eða viðhalds þá skal orkukaupandi tilkynna það og skila inn áætlunum um stöðvun og ræsingu á netfangið nostradamus@orkusalan.is.

## 5. Verð og fyrirkomulag gjaldtöku

Verð eru án vsk. og orkuskatts og eru sem hér segir.

| Ár | Mánuður | kr/kWst |
|---|---|---|
| 2024 | október | 7,46 |
| 2024 | nóvember | 7,46 |
| 2024 | desember | 7,46 |
| 2025 | janúar | 7,46 |
| 2025 | febrúar | 7,46 |
| 2025 | mars | 7,46 |
| 2025 | apríl | 7,46 |
| 2025 | maí | 5,94 |
| 2025 | júní | 5,94 |
| 2025 | júlí | 5,94 |
| 2025 | ágúst | 5,94 |
| 2025 | september | 5,94 |
| 2025 | október | 7,46 |
| 2025 | nóvember | 7,46 |
| 2025 | desember | 7,46 |

Verð í samningi þessum eru bundin vísitölu neysluverðs til verðbreytinga og taka breytingum árlega. Grunnvísitala í samningi þessum er 630,3 (**2024M08**). Verðbreytingar til samræmis við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar koma til framkvæmda 1. janúar á hverju ári, fyrsta skipti 1. janúar 2026 og miðast við vísitölu þess mánaðar.

## 6. Skerðingarheimild

Seljanda er heimilt að skerða afhendingu raforku á grundvelli samnings þessa í allt að 100 klukkustundir á hverju almanaksári yfir samningstímann.

Áður en til skerðinga kemur, skv. 1. mgr. skal seljandi tilkynna kaupanda um væntanlega skerðingu, verði því við komið, með að lágmarki 18 klukkustunda fyrirvara

Seljanda er heimilt að krefjast stöðvunar eða skerðingar afhendingar rafmagns á grundvelli samnings þessa þegar nauðsyn krefur og án skýringa.

Seljandi mun reyna að takmarka hverja slíka stöðvun eða skerðingu á afhendingu rafmagns eins og kostur er.

## 7. Skerðingarheimild

Tengisamningur við dreifiveitu raforku er ekki hluti samnings þessa. Nánar er kveðið á um skilmála raforkudreifingar, fyrirkomulag aflmælinga og fyrirkomulag mælibúnaðar í tengisamningi við dreifiveitu og í tæknilegum tengiskilmálum. Orkukaupanda ber að virða skilmála raforkudreifingar viðkomandi dreifiveitu og Landsnets hf. eins og þeir eru á hverjum tíma. Dreifiveita ber ábyrgð á uppsetningu, rekstri og viðhaldi mælibúnaðar, svo og söfnun, leiðréttingum og staðfestingu mæligagna og dreifingu þeirra til viðkomandi aðila.

## 8. Gildistími, uppsagnarákvæði og fleira

Sé óvissa um trygga forgangsorku í raforkukerfinu er kaupandi tilbúin til viðræðna um endurkaup seljanda á þeirri raforku sem samningur þessi tryggir á þeim forsendum að seljandi greiði viðbótarrekstrarkostnað sem endurkaupin valda kaupanda.

Raforkusölusamningur þessi gildir frá 01.10.2024 – 31.10.2028, og fellur þá sjálfkrafa úr gildi án tilkynninga.

Heimilt að segja samningi þessum upp með þriggja (3) mánaða fyrirvara og víkur þar frá ákvæðum 4. greinar almennra viðskiptaskilmála Orkusölunnar

Samningur þessi er undirritaður rafrænt af þar til bærum fulltrúum aðila

Með rafrænni undirritun veitir viðskiptavinur Orkusölunni heimild til að afla upplýsinga um alla raforkunotkun sína og notkunarstaði í þeim tilgangi að taka þar við sölu raforku og tilkynna fyrri söluaðila um skiptin, ef við á.

Með rafrænni undirritun sinni samþykkir viðskiptavinur jafnframt að rafrænt afrit af raforkusamningi aðila teljist fullnægjandi staðfesting á að til viðskiptasambands hafi stofnast og að öll samskipti og upplýsingagjöf í tengslum við viðskiptin, breytingar á viðskiptaskilmálum og verðskrá, verði með rafrænum hætti, nema viðskiptavinur óski sérstaklega eftir öðru.

**Kristinn Jónasson**

---

| | |
|---|---|
| **From:** | Ingveldur Eyþórsdóttir <ingveldur@fssf.is> |
| **Sent:** | miðvikudagur, 6. nóvember 2024 17:26 |
| **To:** | Kristinn Jónasson; Björg Ágústsdóttir; Jakob Björgvin Jakobsson |
| **Subject:** | fundargerð og fl. |
| **Attachments:** | Samningur um samstarf á sviði endurhæfingar - til undirritunar 31.10.24.pdf |

Sæl

Meðfylgjandi er drög að fundargerð, þið komið með athugasemdir ef einhverjar eru.

Annað ég gleymdi að segja ykkur frá því að á Haustfundi stjórnenda í Velferðarþjónustu síðastliðinn fimmtudag var undirritaður samningur um samstarf á sviði endurhæfingar á milli Tryggingastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga, Virk -starfsendurhæfing ses., Vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðva. Þar mættu tveir ráðherrar og fulltrúar þessarar stofnanna ásamt félagsmálastjórum frá flestum sveitarfélögum.

Samning þennan á að kynna fyrir bæjarræðum, vil ég því senda ykkur samninginn.

Kær kveðja


Ingveldur Eyþórsdóttir félagsráðgjafi
Forstöðumaður
Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

**Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga**



**Fyrirvari**
Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er frá Ingveldi Eyþórsdóttur og er aðeins ætlaður skráðum viðtakanda en ekki öðrum.
Póstur þessi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og eða einkamál. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81 / 2003 og gæta fyllsta trúnaðar um efni hans; hvorki lesa hann, skrá hann né notfæra sér hann á nokkurn hátt og tilkynna Ingveldi samstundis að pósturinn hafi ranglega borist sér. Vakin er athygli á bóta- og refsiábyrgð skv. 74. gr. laga um fjarskipti.

# Samningur

## um samstarf á sviði endurhæfingar milli Tryggingastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga, VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs ses., Vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðva



# I. Kafli Samningsaðilar, markmið og tilgangur

## 1. gr. Samningsaðilar

1.1 Tryggingastofnun, félagsþjónusta sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, heilsugæslur og VIRK Starfsendurhæfingarsjóður ses., sem eru þjónustuaðilar í tengslum við endurhæfingu og mynda samofna heild á landsvísu, gera með sér samning þennan til að tryggja og formfesta samstarf vegna ábyrgðar þeirra á endurhæfingu eða framfærslu einstaklinga á meðan á endurhæfingu stendur.

1.2 Skipulag samstarfsins sem kveðið er á um í samningi þessum skal vera innan þess ramma sem settur er fram í þeim lögum sem samningsaðilarnir starfa eftir, sbr. fylgiskjal I með samningi þessum.

1.3 Samningur þessi er gerður á grundvelli yfirlýsingar dags. 15. febrúar 2024, um samstarf þjónustukerfa á sviði endurhæfingar. Félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra undirrita samning þennan til staðfestingar á stuðningi við að markmiðum samstarfsins verði náð.

## 2. gr. Markmið og tilgangur

2.1 Samningsaðilar skulu eiga samstarf í þeim tilgangi að stuðla að því að rétt þjónusta í endurhæfingu einstaklinga sé veitt á réttum tíma, að samfella sé í fjárhagslegum stuðningi sem þessir aðilar veita, framgangi og heildstæðri nálgun í endurhæfingu miðað við þarfir hvers og eins og samfelldri endurhæfingu hjá þeim sem þurfa þjónustu fleiri en eins aðila. Á þetta einkum við um þau sem eru með fjölþættan vanda og leita eftir þjónustu hjá ólíkum þjónustuaðilum, jafnvel á sama tíma.

2.2 Markmið þjónustunnar er að auka færni einstaklinga til virkni í samfélaginu, þ.á.m. til þátttöku á vinnumarkaði.

2.3 Til að tryggja árangur í þjónustu við einstaklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda verður lögð áhersla á snemmtæka íhlutun þar sem strax í upphafi heilsubrests verður byrjað að undirbúa endurkomu á vinnumarkað, heildstæða nálgun að endurkomu til vinnu þar sem hlutaðeigandi einstaklingar fái einstaklingsmiðaða þjónustu innan viðeigandi kerfis, virka þátttöku þeirra sjálfra og aukna samhæfingu þjónustu og samvinnu samningsaðila í ferlinu.

# II. Kafli Samhæfingarteymi

## 3. gr. Stofnun samhæfingarteyma og tilnefningar í þau

3.1 Samningsaðilar skulu setja á fót samhæfingarteymi sín á milli.

3.2 Samhæfingarteymin skulu vera sex eða fleiri og svæðisbundin. Að minnsta kosti tvö samhæfingarteymi skulu vera starfrækt á höfuðborgarsvæðinu, eitt á Vesturlandi (Vesturland, og Vestfirðir), eitt á Norðurlandi, eitt á Austurlandi og eitt á Suðurlandi (Suðurland og Suðurnes). Heimilisfesti teymanna skal vera hjá Tryggingastofnun.

3.3 Samningsaðilar skulu tilnefna tvo fastafulltrúa frá hverju þjónustusvæði til setu í hverju samhæfingarteymi. Þá skulu einnig tilnefndir tveir varamenn.

3.4 Hver samningsaðili tilnefnir sérfræðinga úr hópi ráðinna starfsmanna sinna í samhæfingarteymin. Sérfræðingarnir skulu vera starfsmenn í nærþjónustu þess svæðis sem viðkomandi samhæfingarteymi starfar á. Það er hlutverk hvers samningsaðila að sjá samhæfingarteymunum fyrir viðeigandi sérfræðiþekkingu. Þátttaka í teymunum skal vera hluti af starfsskyldum viðkomandi sérfræðinga. Samningsaðili veitir sérfræðingi skriflegt umboð til setu í samhæfingarteymi og gengur frá trúnaðaryfirlýsingu sbr. gr. 10.2. Teymin hafa ekki sjálfstæðar fjárreiður.

3.5 Viðkomandi sérfræðingar skulu hafa lokið viðeigandi menntun og búa að þekkingu og reynslu af málaflokknum. Þeir skulu einnig tilheyra hópi starfsfólks sem sinnir faglegri þjónustu innan hlutaðeigandi samningsaðila.

3.6 Í hverju samhæfingarteymi skal vera teymisstjóri. Teymisstjórar skulu vera starfsmenn Tryggingastofnunar. Teymisstjóri boðar til funda í teyminu í samráði við aðra fulltrúa samningsaðila. Þá undirbýr teymisstjóri fundi, annast gagnaöflun og skráningu mála í málaskrá. Teymisstjóri stýrir fundi og heldur fundargerð.

## 4. gr. Hlutverk samhæfingarteyma

4.1 Samhæfingarteymin hafa það hlutverk að tryggja að einstaklingar, sem þurfa þjónustu fleiri en eins þjónustuaðila, njóti heildstæðrar nálgunar í endurhæfingu þegar það á við með því að stuðla að nauðsynlegri yfirsýn yfir og samfellu í þjónustu sem hlutaðeigandi einstaklingur fær og framgangi endurhæfingar hans með aukna virkni að leiðarljósi. Samhæfingarteymin skulu einnig stuðla að sameiginlegri framtíðarsýn og stefnu samningsaðila sem miða að því að bæta lífskjör og lífsgæði einstaklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda.

4.2 Fulltrúar samningsaðila geta vísað málum einstaklinga inn í viðeigandi samhæfingarteymi þegar 1) samningsaðili tekur ekki við einstaklingi í þjónustu með þeim rökum að þjónustan sé ekki viðeigandi og vafi leikur á hvaða þjónusta gagnist viðkomandi, 2) þjónusta sem einstaklingur hefur þegið hefur ekki gagnast eða er fullreynd, 3) óskað er eftir því að skoðað sé sérstaklega hvernig samningsaðilar geti í sameiningu veitt einstaklingi heildstæða þjónustu í samræmi við þarfir viðkomandi á hverjum tíma eða þegar viðeigandi þjónusta er ekki til staðar.

4.3 Samhæfingarteymin eru ekki stjórnvöld í skilningi laga nr. 37/1993 og taka ekki stjórnvaldsákvarðanir um veitingu þjónustu sem stendur til boða heldur er það viðeigandi samningsaðili sem ber ábyrgð á endurhæfingu eða framfærslu viðkomandi sem tekur slíkar ákvarðanir. Starfsemi samhæfingarteyma telst þó þáttur í meðferð stjórnsýslumála og sem slíkur gilda reglur stjórnsýsluréttarins eftir því sem við á um starfsemi þeirra.

4.4 Samningsaðilar þurfa að tryggja í samstarfi sínu að einstaklingum sé fylgt eftir milli þjónustuaðila þegar þörf er á þjónustu fleiri en eins aðila og að ávallt sé skýrt hvaða samningsaðili beri ábyrgð á framgangi endurhæfingarinnar. Þeir þjónustuaðilar sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum einstaklingsins skulu veita honum þjónustu hverju sinni.

4.5 Samhæfingarteymi skulu halda úti uppfærðum listum yfir úrræði á sínu svæði, halda utan um tölfræði um bið í úrræði eða tilvik þar sem úrræði eru ekki til staðar, greina hvar þjónustuþörfin er mest og draga fram þörf fyrir uppbyggingu nýrra úrræða, þar sem við á.

### 5. gr. Vísun mála til teyma og ábyrgðaraðili mála

5.1 Fulltrúum samningsaðila er heimilt að vísa máli einstaklings til samhæfingarteymis. Áður en málum einstaklinga er vísað til samhæfingarteymis skulu samningsaðilar, leggja mat á og taka afstöðu til hvort einstaklingur eigi rétt á þjónustu hjá þeim. Telji samningsaðili ljóst að einstaklingur eigi heima í þjónustu annars þjónustuaðila skal honum að jafnaði vísað þangað án aðkomu samhæfingarteymis. Þegar mál einstaklings hefur verið tekið fyrir á fundi samhæfingarteymis skal einhver samningsaðila ávallt vera útnefndur sem ábyrgðaraðili málsins. Sá samningsaðili sem er útnefndur ábyrgðaraðili máls hverju sinni skal bera ábyrgð á samþættingu endurhæfingar einstaklingsins og eftirfylgni allt til málaloka, m.a. að tilkynna einstaklingnum um niðurstöðu samhæfingarteymisins.

5.2 Fulltrúum samningsaðila er aldrei skylt að vísa málum til samhæfingarteyma.

5.3 Skilyrði þess að mál einstaklings fari til samhæfingarteymis er að viðkomandi hafi verið upplýstur um möguleikann á aðkomu samhæfingarteymis í upphafi máls og hverju í því felst. Hann skal aftur upplýstur þegar ætlað er að vísa máli hans til samhæfingarteymis. Hafi einstaklingur hafnað aðkomu samhæfingarteymis skal hlutaðeigandi fulltrúi ekki vísa máli hans til teymisins.

5.4 Tryggt skal að upplifun og viðhorf einstaklingsins á stöðu sinni verði komið á framfæri gagnvart teyminu.

5.5 Fjalli samhæfingarteymi á ný um mál einstaklings getur það vísað því til annars samningsaðila og færist þá ábyrgðin á málinu yfir til þess samningsaðila. Fyrri ábyrgðaraðila ber að sjá til þess að nýr ábyrgðaraðili taki við með formlegum hætti með milligöngu teymisins. Þegar einstaklingur þarf þjónustu fleiri en eins samningsaðila skal þó aðeins einn þeirra teljast ábyrgðaraðili. Taki enginn við máli á fundi samhæfingarteymis helst ábyrgðin óbreytt.

5.6 Þegar einstaklingur hefur þörf fyrir samhliða þjónustu tveggja samningsaðila er ábyrgð á eftirfylgni hjá þeim aðila sem er skilgreindur ábyrgðaraðili málsins. Hver samningsaðili ber faglega ábyrgð á þjónustunni sem hann veitir og tekur ákvörðun um þjónustu á grundvelli þeirra laga sem um hana gildir hverju sinni.

5.7 Samhæfingarteymin hafa heimild til að bjóða á fund sér til upplýsingar, ráðgjafar eða aðstoðar fulltrúa hagsmunaaðila eða talsmenn tiltekinna hópa.

### 6. gr. Faglegt sjálfstæði

6.1 Samhæfingarteymin skulu hafa faglegt sjálfstæði og svigrúm til faglegrar þróunar. Teymin skulu einnig setja sér starfsreglur um afgreiðslu mála.

## III. Kafli Vinnsla persónuupplýsinga og þjónustugátt

### 7. gr. Vinnsla persónuupplýsinga

7.1 Samningsaðilum er samkvæmt lögum skylt að miðla sín á milli upplýsingum sem nauðsynlegar eru í tengslum við samstarf þjónustuaðila í gegnum þjónustugátt, þ.m.t. viðkvæmum persónuupplýsingum, sbr. fylgiskjal I með samningi þessum. Samningsaðilar skulu tryggja sanngjarna og gagnsæja vinnslu persónupplýsinga. Í því skyni skulu samningsaðilarnir einnig gera með sér samning um vinnslu persónuupplýsinga í þjónustugátt.

7.2 Í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem og 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 eru samningsaðilar skilgreindir ábyrgðaraðilar á persónugreinanlegum gögnum sem verða til á eða í tengslum við og eru meðhöndlaðar á fundum samhæfingarteymanna.

7.3 Ábyrgðaraðilar ákveða tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga og ábyrgjast að þeir hafi heimild til þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í tengslum við og á fundum samhæfingarteyma. Með vinnslu persónuupplýsinga er m.a. átt við söfnun, skráningu, varðveislu, miðlun og samkeyrslu upplýsinga um aðstæður þjónustuþega, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar. Gæta ber að meðalhófi við vinnslu persónuupplýsinga og ekki skal vinna með persónuupplýsingar umfram það sem nauðsynlegt má telja í hverju einstöku tilviki í þágu tilgangsins. Ábyrgðaraðilar bera m.a. ábyrgð á að vinnsla persónuupplýsinga sé lögmæt og eigi sér stoð í 9. gr. og eftir atvikum 11. gr. laga um persónuvernd og að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við meginreglur laganna, sbr. 8. gr. laganna.

7.4 Ábyrgðaraðilar skulu meta þörf á mati á áhrifum á persónuvernd (MÁP) og sértækum samningum varðandi persónuvernd í samræmi við 29. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga til viðbótar þeim samningi sem fjallað er um í gr. 7.1.

7.5 Ábyrgðaraðilum ber sérstaklega að upplýsa hlutaðeigandi einstaklinga um fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga á samræmdan hátt og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679. Upplýsa þarf hlutaðeigandi um m.a. heiti ábyrgðaraðila vinnslunnar, eðli persónuupplýsinga sem vinnslan snýr að, tilgang vinnslunnar, hverjir koma að vinnslunni og rétt hans til að andmæla vinnslunni.

### 8. gr. Gögn sem miðla skal

8.1 Gögn sem samhæfingarteymin skulu hafa aðgang að eru öll gögn sem talin eru nauðsynleg svo hægt sé að taka ákvörðun um þjónustu við einstaklinga, m.a. læknisfræðileg gögn, upplýsingar um heilsufarsástand, gögn um vinnufærni, um endurhæfingu, um vinnu- og námssögu og um fjárhags- og félagslegar aðstæður.

8.2 Mikilvægt er að gögnin sem samhæfingarteymin hafa aðgang að endurspegli eins vel og kostur er aðstæður hvers og eins.

### 10. gr. Trúnaður

10. 1 Fulltrúar samhæfingarteyma skulu gæta trúnaðar um upplýsingar sem leynt eiga að fara og hverju því sem þau fá vitneskju um í störfum sínum í teymunum um málefni samningsaðila, meðferð mála á fundum samhæfingarteyma og persónuupplýsingar þjónustuþega.

10.2 Fulltrúar samhæfingarteyma eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum, m.a. við störf sín í teymunum. Fulltrúar teymanna skulu einnig undirrita sérstaka trúnaðaryfirlýsingu í tengslum við störf þeirra í teymunum.

### 11. gr. Þjónustugátt

11.1 Tryggingastofnun skal starfrækja þjónustugátt í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir þá meðferð og endurhæfingarþjónustu sem einstaklingar fá og til að stuðla að samfellu í greiðslum hjá þeim sem þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis eða þurfa að fara milli kerfa.

11.2 Tryggingastofnun skal halda skrá þar sem fram kemur með tæmandi hætti hvaða upplýsingum um einstaklinga er miðlað í gegnum þjónustugáttina. Samningsaðilum er skylt að tryggja aðgang að nauðsynlegum gögnum í gegnum þjónustugáttina og skulu fulltrúar í samhæfingarteymum hafa aðgang að þeim upplýsingum.

## IV. Kafli Gildistími og breyting

### 12. gr. Gildistími og breyting

12.1 Samningur þessi tekur gildi þann 1. september 2025 og er ótímabundinn.

12.2 Breyta skal fyrirkomulagi samstarfs ef það skilar ekki tilætluðum árangri og reyna nýjar aðferðir sem þykja vænlegri til árangurs. Samningur getur komið til endurskoðunar eins oft og þurfa þykir að mati samningsaðila.

31. október 2024

**Bjarni Benediktsson,**
félags- og vinnumarkaðsráðherra

**Willum Þór Þórsson,**
heilbrigðisráðherra

F.h. Tryggingastofnunar

**Huld Magnúsdóttir**
forstjóri

F.h. Vinnumálastofnunar

**Unnur Sverrisdóttir,**
forstjóri

F.h. VIRK, Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

**Vigdís Jónsdóttir,**
forstjóri

F.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Sigríður Dóra Magnúsdóttir**
forstjóri

F.h. Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

**Jón Helgi Björnsson,**
forstjóri

F.h. Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

**Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir,**
forstjóri

F.h. Heilbrigðisstofnunar Austurlands

**Guðjón Hauksson,**
forstjóri

F.h. Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

**Lúðvík Þorgeirsson,**
forstjóri

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

**Díana Óskarsdóttir,**
forstjóri

F.h. heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

**Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir,**
forstjóri

**Heiða Björg Hilmisdóttir,**
formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

F.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

**[Rannveig Einarsdóttir,** sviðsstjóri]

F.h. velferðarsviðs Mosfellsbæjar

**[Sigurbjörg Fjölnisdóttir, sviðsstjóri]**

F.h. velferðarsviðs Kópavogsbæjar

**[Sigrún Þórarinsdóttir, sviðsstjóri]**

F.h. velferðarsviðs Reykjanesbæjar

**[Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri]**

F.h. fjölskylduviðs Seltjarnarnesbæjar

**[Baldur Pálsson, sviðsstjóri]**

F.h. velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar

**[Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri]**

F.h. velferðarsviðs Garðabæjar

**[Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri]**

F.h. félagsþjónustu Grindavíkurbæjar

**[Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri]**

F.h. fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar

**[Guðlaug Ósk Gísladóttir, sviðsstjóri]**

F.h. fjölskylduviðs Suðurnesjabæjar

**[Guðrún Björg Sigurðardóttir, sviðstjóri]**

F.h. velferðarsviðs Akureyrarbæjar

**[Karólína Gunnarsdóttir, sviðsstjóri]**

F.h. velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar

**[Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri]**

F.h. félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar

**[Freyja Þöll Smáradóttir, félagsmálastjóri]**

F.h. fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar

**[Jón Pétursson, framkvæmdastjóri]**

F.h. félagsþjónustu Borgarbyggðar

**[Erla Björg Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri]**

F.h. félagsþjónustu A-Húnavatnssýslu

**[Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri]**

F.h. félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

**[Ingveldur Eyþórsdóttir, forstöðumaður]**

F.h. fjölskyldusviðs Skagafjarðar

**[Bryndís Lilja Hallsdóttir, sviðsstjóri]**

F.h. fjölskyldusviðs Vesturbyggðar

**[Arnheiður Jónsdóttir, sviðsstjóri]**

F.h. félagsþjónustu Norðurþings

**[Tinna Ósk Óskarsdóttir, félagsmálastjóri]**

F.h. félagsþjónustu Bolungarvíkur

**[Guðný Hildur Magnúsdóttir, félagsmálastjóri]**

F.h. félagsmáladeildar Fjallabyggðar

**[Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri]**

F.h. félagsmálasviðs Dalvíkurbyggðar

**[Eyrún Rafnsdóttir, sviðsstjóri]**

F.h. fjölskyldusviðs Húnaþings vestra

**[Sigurður Þór Ágústsson, sviðsstjóri]**

F.h. fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar

**[Laufey Faye Þórðardóttir, sviðsstjóri]**

F.h. velferðarþjónustu Árnesþings

**[Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri]**

F.h. félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu

**[Svava Davíðsdóttir, framkvæmdastjóri]**

F.h. félagsþjónustu Strandabyggðar og Reykhólahrepps

**[Hlíf Hrólfsdóttir, félagsmálastjóri]**

F.h. félagsþjónustu Múlaþings

**[Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri]**

F.h. velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar

**[Erna Harðar Solveigardóttir, deildarstjóri]**

F.h. fjölskyldusviðs Árborgar

**[Heiða Ösp Kristjánsdóttir, sviðsstjóri]**

F.h. fjölskyldu- og fræðslusviðs Ölfus

**[Jóhanna M. Hjartardóttir, sviðsstjóri]**

F.h. velferðarsviðs Hornafjarðar

**[Skúli Ingibergur Þórarinsson, sviðsstjóri]**

*Fylgiskjal I*

## Tilvísanir í ákvæði um samstarf í lögum sem samningsaðilar starfa eftir

(grein 1.2)

I. 55. gr. a og 28. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007, sbr. 10. gr. og e-lið 3. gr. laga nr. 104/2024.

II. 12. gr. a laga um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006, sbr. 22. gr. laga nr. 104/2024.

III. 2. mgr. 35. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, sbr. 26. gr. laga nr. 104/2024.

IV. 7. gr. a laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 27. gr. laga nr. 104/2024.

V. 11. gr. a laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012, sbr. 29. gr. laga nr. 104/2024.

## Kristin Jónasson

**From:** Hrafnhildur Tryggvadóttir <hrafnhildur@ssv.is>
**Sent:** miðvikudagur, 23. október 2024 13:30
**To:** Akranes bæjarstjóri; Akraneskaupstaður; Borgarbyggð; Borgarbyggð sveitarstjóri; Dalir; Sveitarstjóri Dalabyggð; Oddviti; Eyja-og Miklaholtshreppur; Grundarfjarðarbær; Grundarfjarðarbær bæjarstjóri; Hvalfjarðarsveit; Hvalfjarðarsveit sveitarstjóri; Skorradalshreppur; Skorradalshreppur oddviti; Snæfellsbær; Kristinn Jónasson; Stykkishólmur; Jakob Björgvin Jakobsson
**Cc:** Páll Snævar Brynjarsson
**Subject:** Erindi frá SSV til sveitarfélaga á Vesturlandi
**Attachments:** Bref_Sveitarfelog.pdf; Minnisblað um Mönnun HVE_okto2024.pdf

Some people who received this message don't often get email from hrafnhildur@ssv.is. Learn why this is important

Góðan dag

Meðfylgjandi er minnisblað um mönnun HVE ásamt bréfi frá framkvæmdastjóra SSV.
Óskað er eftir því að sveitarfélögin á Vesturlandi taki erindið til umfjöllunar.

**Með góðri kveðju / Best regards**
Hrafnhildur Tryggvadóttir
Atvinnuráðgjafi
+354 433 2312 / +354 849 2718
hrafnhildur@ssv.is / www.ssv.is www.facebook.com/ssvesturland
SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI
SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Borgarnesi 23. október 2024

Heilbrigðisstofnun Vesturlands hefur á undanförnum árum reynst erfitt að manna stöður sérfræðinga (lækna og hjúkrunarfólks) á ákveðnum svæðum og starfsstöðvum HVE.

Starfshópur á vegum SSV hefur verið að störfum til greina með hvaða hætti sveitarfélög á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Vesturlands geta komið að því að liðka fyrir og aðstoða við mönnun sérfræðinga á þessum svæðum.

Í hópunum sitja Haraldur Benediktsson, Sigrún Ólafsdóttir og Kristinn Jónasson, auk þess sem Stefán Vagn Stefánsson, þingmaður, hefur setið fundi með hópnum.

Markmið hópsins er að leita svara við því hvað stjórnvöld þurfa að gera betur, hvað HVE getur gert betur og hvernig sveitarfélögin geta lagt verkefninu lið.

Hópurinn fundaði m.a. með stjórnendum HVE og öðrum sérfræðingum til að móta hugmyndir um verkefni sem væri unnið í samstarfi SSV, sveitarfélaganna og HVE.

Í Lögum um menntasjóð íslenskra námsmanna nr. 60/2020, VII. kafla er kveðið á sérstaka ívilnun námsgreina á sérstökum svæðum í 28. gr. þar sem fram kemur að ráðherra er heimilt að ákveða sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega sem búsettir eru á skilgreindum svæðum. Háskóla, -iðnaðar,- og nýsköpunarráðuneytið hefur samþykkt skilgreiningar Byggðastofnunar og allar starfsstöðvar HVE utan Akraness, falla innan svæða sem heimilt er að auglýsa ívilnanir á. Skilyrði fyrir beitingu ívilnunar samkvæmt 2. mgr. 28. gr. er að fyrir liggi tillaga frá sveitarfélagi eða sveitarfélögum til stjórnvalda um þörf á menntuðu fólki í byggð sinni.

Meðfylgjandi er minnisblað sem hópurinn hefur samþykkt og óskað er eftir að sveitarfélög á Vesturlandi taki minnisblaðið til umfjöllunar og taki afstöðu sérstaklega til þeirra hugmynda vinnuhópsins er lúta að mögulegri aðkomu einstakra sveitarfélaga að þessu verkefni.

Virðingarfyllst,

Páll S. Brynjarsson,
Framkvæmdastjóri SSV

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

# Minnisblað

**varðandi: Mönnun á starfsstöðvum HVE**

**dags. 22. október 2023**

## Forsaga máls

Á haustþingi SSV í Reykholti haustið 2023 samþykkti þingið ályktun um að settur yrði á fót vinnuhópur með það hlutverk að kortleggja hvernig hægt væri að styðja við starfsemi Heilsugæslustöðva á Vesturlandi. Hópnum var falið að útbúa minnisblað til heilbrigðisráðherra þar sem staða heilsugæslunnar og mönnunar á svæðinu verði reifuð ásamt tillögum að úrbótum og aðkomu sveitarfélaganna á Vesturlandi. Hópurinn verði skipaður þingmanni úr kjördæminu ásamt þremur fulltrúum skipaða af stjórn SSV.

Áður en hópurinn tók til starfa var leitað eftir samstarfi við HVE um vinnuna. Yfirstjórn HVE tók vel í erindið og er reiðubúin til samstarfs. Vinnuhópurinn samþykkti að ráðast í ákveðna undirbúningsvinnu og gagnasöfnun áður en fundað yrði með yfirstjórn HVE.
Starfshópurinn tók til starfa í mars 2024 og er skipaður þremur fulltrúum sveitarfélaga á Vesturlandi, þeim Haraldi Benediktssyni Akranesi, Sigrúnu Ólafsdóttur Borgarbyggð, og Kristni Jónassyni Snæfellsbæ. Auk þeirra sat Stefán Vagn Stefánsson alþingismaður fundi með hópnum. Með hópnum störfuðu starfsmenn SSV þau Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri og Hrafnhildur Tryggvadóttir.

Ástæða þess að ákveðið var að setja á stofn sérstakan vinnuhóp til þess að kortleggja stöðuna er sú að erfiðlega hefur gengið að manna læknastöður og ýmsar aðrar stöður á heilsugæslustöðvum HVE á ákveðnum svæðum á Vesturlandi. Þetta endurspeglast í viðhorfi íbúa til þjónustu heilsugæslustöðva. Í íbúakönnun landshlutanna sem var framkvæmd síðla árs 2023 kemur fram að íbúar á Snæfellsnesi og í Borgarfirði eru óánægðir með þjónustuna á meðan íbúar í Dalabyggð og á Akranesi og Hvalfjarðarsveit er mjög ánægðir, sjá mynd 1.




*Mynd 1: Afstaða til heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu. Heimild: Íbúakönnun landshlutanna 2024.*

## Markmið vinnuhópsins

Hópurinn hyggst leita svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hvernig geta sveitarfélögin haft áhrif?
2. Hvað getur HVE gert betur?
3. Hvað þurfa stjórnvöld að gera betur?

Hópurinn hefur fundað þrisvar sinnum og til að afla upplýsinga hefur hópurinn fengið gesti á fundi sem farið hafa yfir reynslusögur, sýn og stöðu mála. Gestir fundanna hafa verið Jón Helgi Björnsson framkvæmdastjóri HSN, Thelma Kristinsdóttir læknir og stjórnarmaður í Félagi almennra lækna og Hildigunnur Þórsdóttir læknir í Borgarnesi.

Í þessu minnisblaði er farið yfir helstu áskoranir og hugmyndir sem fram hafa komið í vinnu hópsins.

# Hvernig geta sveitarfélögin haft áhrif?

Sveitarfélög þurfa að horfa til þess hvernig þau laða að fólk til búsetu yfirhöfuð. Læknastöður á landsbyggðinni eiga að geta verið spennandi starfsvettvangur og þar skiptir máli hvernig umræða og orðræða er um staðina og störfin á svæðinu. Tilhugsun um þægilegra líf á landsbyggðinni, þar sem mun færri eru skráðir á hverja heilsugæslustöð en á höfuðborgarsvæðinu, getur ásamt góðu aðgengi að grunnþjónustu haft áhrif á ákvarðanatöku lækna.

Sveitarfélögin þyrftu að hafa tiltækar upplýsingar um þau gæði sem eru til staðar í sveitarfélaginu og hvaða gæði og þjónustu þau eru tilbúin að skuldbinda sig til að veita þeim sem koma til starfa á HVE. Samantekt á slíkum upplýsingum er nauðsynlegt að miðla til stjórnenda HVE. Mikilvægt er að huga að því að læknar eru oft fjölskyldufólk og því ræður miklu um val þeirra, hvernig líf fjölskyldan öll getur átt.

Þeir þættir sem virðast skipta mestu máli eru

## Dagvistun

Leikskólapláss eru takmörkuð gæði, og bið eftir dagvistunar úrræðum fyrir foreldra ungra barna skiptir miklu máli. Ef tryggt er að heilbrigðisstarfsfólk getur gengið að því vísu að fá leikskólapláss í sveitarfélaginu, getur það skipt sköpum.

## Húsnæði

Húsnæði í eigu HVE þarf að vera aðlaðandi og uppfylla nútíma þarfir, jafnvel þótt um sé að ræða húsnæði sem nýtt er af verktökum í stuttan tíma í senn. Sveitarfélögin þurfa að geta veitt upplýsingar um húsnæðismarkað, s.s. hentugt húsnæði í byggingu eða til sölu og leigu fyrir stofnunina eða viðkomandi starfsmann.

## Starf maka

Sveitarfélögin þurfa að hafa þekkingu á vinnumarkaði viðkomandi svæðis og geta lagt sitt af mörkum við að upplýsa um störf sem henta maka viðkomandi. Þá getur aðstaða í samvinnurými til að sinna óstaðbundnum störfum verið hluti af skuldbindingum sveitarfélags, ef viðkomandi maki hefur tök á að flytja starf sitt með á staðinn.

## Annað

Sveitarfélög ættu að hafa upplýsingar um önnur gæði í samfélaginu sem eru eftirsóknarverð fyrir heilbrigðisstarfsfólk og fjölskyldur þeirra. Hér getur átt við að hafa upplýsingar um frístundastarf, grunn- og framhaldsskóla, tónlistarskóla, íþróttir og menningarstarf á viðkomandi svæði. Fjölbreytt mannlíf og afþreyingarmöguleikar geta haft áhrif á val viðkomandi.

Fólk sem er alið upp á landsbyggðinni er líklegra til að vilja setjast að á landsbyggðinni og mikilvægt að leita leiða til að laða að það fólk.

# Hvað getur HVE gert betur?

## Starfsaðstaða og skipulag starfs

Mikilvægt er að HVE rýni sérstaklega þær starfsstöðvar þar sem erfiðast gengur að manna stöður lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna með það að markmiði að valdefla hverja starfsstöð. Ekki virðist vera erfiðleikum bundið að manna stöður á Akranesi en það hefur verið krefjandi undanfarin ár í Borgarnesi og á Snæfellsnesi.

Læknar kjósa að vinna í teymisvinnu og því gengur almennt best að manna stöður þar sem eru fleiri en ein læknastaða á hverri starfsstöð. Eftirsóknarverðustu staðirnir eru staðir þar sem er pláss fyrir tvo eða fleiri læknakandíta eða þar sem er gott læknateymi á bak við og skipulag starfsins er faglegt. Þá er sterkara að hafa starfsstöð þar sem eru hjúkrunarrými og sjúkrarými.

Á landsbyggðinni eru mun færri skráðir á hverja heilsugæslustöð en á höfuðborgarsvæðinu, sem er ákjósanlegt á vissan hátt en mesta áskorunin hjá heilbrigðisstofnunum á landinu er að manna einmenningsstöður og svo virðist sem ungt fólk hafi ekki áhuga á slíkum störfum. Ókostur við þau störf er að þar er stöðugt álag, ábyrgðin er mikil á einum starfsmanni, ásamt miklu áreiti. Þar skorti oft faglega yfirsýn og stuðning, sem eru starfsaðstæður sem læknar sækja ekki í að starfa við. Einmenningsstöður eru því gjarnan leystar með verktakasamningum, og afleysingalæknar koma og starfa ákveðinn tíma í senn á staðnum. Samkvæmt íbúakönnunum 2020 og 2024 er ánægja með heilsugæslu á landinu mest í V-Hún og í Dölunum. Á þessum starfssvæðum eru fáir íbúar skráðir á heilsugæslustöðina, og þar hefur verið mikill stöðugleiki, sömu læknar hafa sinnt störfum þar til margra ára, og ekki er um umfangsmikla dulda búsetu að ræða.

Mikilvægt er að skoða hvort unnt sé að draga úr álagi og áreiti á lækna með t.a.m. vaktþjónustu eða fjarheilbrigðisþjónustu þangað sem íbúar geta leitað til að fá úrlausn ákveðinna mála.

Í ljósi þess að erfiðast er að manna einmenningsstöður er æskilegt að skoða hvort unnt sé að gera breytingar á fyrirkomulagi innan HVE. Mögulega væri unnt að auka samstarf milli starfsstöðva og móta formlegt ferli um það, eða sameina starfsstöðvar þar sem einmenningsstöður eru í stærri stöð sem hefur fleiri læknastöður en sinnir sama landssvæði. Þannig væri t.d. mögulegt að skoða sameiningu starfsstöðva í Ólafsvík og Grundarfirði, sem hefði á að skipa tveimur eða þremur læknum sem gætu sinnt öllu svæðinu.

Aðbúnaður á starfsstöð og starfsandi skiptir máli. Starfsaðstæður þurfa að vera nútímalegar og eins góðar og mögulegt er, þegar kemur að mönnun og tækjabúnaði, og á þetta við um allar starfsstöðvar HVE. Þá skiptir máli hversu gott aðgengi er að læknum og hvaða kröfur eru gerðar til lækna á viðkomandi stað og síðast en ekki síst ræður orðspor viðkomandi starfsstöðvar miklu um það hvort læknar sýni störfum áhuga.

Íbúðarhúsnæði í eigu HVE, sem er nýtt af afleysingalæknum eða læknum sem ráða sig til starfa við stofnunina þarf að vera vel við haldið, samræmast nútíma kröfum fólks og uppfylla nauðsynlegar þarfir.

## Starfskjör

Starfskjör lækna og annars starfsfólks hafa áhrif og geta haft áhrif á mönnun á starfsstöðvum á landsbyggðinni. Húsnæðismál eru mikilvægur þáttur og dæmi eru um að læknum bjóðist ívilnanir svo sem húsnæðisstyrkur fyrsta árið á staðnum, akstursstyrkir og fatapeningar.

Verktakagreiðslur eru almennt nægjanlega háar til þess að fólk er frekar tilbúið að koma á starfsstöðvar í viku eða tvær í senn.

Á starfsstöðvum sem eru í ákveðinni fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu eru læknar gjarnan búsettir á höfuðborgarsvæðinu og aka á milli. Í slíkum tilvikum geta samkeppnishæfir akstursstyrkir liðkað fyrir mönnun, enda er ekki þörf á að flytjast búferlum með alla fjölskylduna.

### Annað

Mikilvægt er að halda á lofti og koma á framfæri þeirri þjónustu sem er til staðar innan HVE og mikil ánægja ríkir um t.d. um fæðingardeildina á sjúkrahúsinu á Akranesi.

HVE ætti að hafa aðgengilegar upplýsingar um starfsaðstöðu, skipulag starfa og starfskjör fyrir hverja starfsstöð eða stöðu læknis á starfssvæðinu. Til að koma þessum upplýsingum til þeirra sem áhuga gætu haft, er hægt að nýta ýmsar leiðir. Mögulegt er að standa fyrir kynningum á opnum fundum fyrir nemendur á kandidatsári, koma upplýsingum á framfæri við félag lækna s.s. Læknafélag Íslands, félag almennra lækna og etv. fleiri hópa. Læknadagar gætu einnig verið vettvangur til þess, sem og að bjóða læknanemum í heimsókn til að kynna sér starfsemina. Þá hafa starfandi læknar sterkt persónulegt tengslanet sem þeir og nýta það gjarnan til miðla upplýsingum. Þannig gætu starfandi læknar á svæðinu, eða læknar með góða reynslu af svæðinu verið góð auglýsing fyrir læknastörfin á svæðinu og svæðin í heild sinni.

Fólk sem er alið upp á landsbyggðinni er líklegra til að vilja setjast að á landsbyggðinni og mikilvægt að leita leiða til að laða að það fólk og mögulega er mikilvægt að kynna störfin fyrir ungu fólki strax í framhaldsskóla, eða elstu bekkjum grunnskóla. Jafnvel þótt nemendur þurfi að fara í burtu til að mennta sig, getur vitneskja um spennandi störf sem eru í boði að námi loknu haft áhrif á námsval, og þann valkost að flytja aftur út á land og jafnvel heim. Slíkar upplýsingar gæti HVE tekið saman og í samstarfi við sveitarfélögin komið á framfæri við viðkomandi hópa.

## Hvað þurfa stjórnvöld að gera betur?

### Stefna og sýn

Í samtali við starfsfólk sem vinnur innan heilbrigðisstofnana sem hópurinn hefur rætt við kom skýrt fram mikilvægi þess að heilbrigðisstofnanir hafi skýra stefnu og skýra sýn þegar kemur að rekstri heilbrigðisstofnana. Fagleg stjórnun og starf skiptir lykilmáli.

### Fjármögnun

Ekki þarf að koma á óvart að fjármagn skortir til heilbrigðisstofnana, þ.m.t. HVE. Til að heilbrigðisstofnanir geti sinnt þeirri þjónustu sem þeim er ætlað er mikilvægt að fjármagn til tækjakaupa sé tryggt, en algengt er að á litlum starfsstöðvum sé skortur á sérhæfðum tækjum. Almennt er mjög stór hluti af tækjakaupum fjármagnaður með aðkomu styrktarfélaga þar sem stofnanir eru ekki nægjanlega vel fjármagnaðar.

Þá er nauðsynlegt að skoða sérstaklega svæði þar sem fólksfjöldi á svæðinu sveiflast mikið innan ársins. Hér er átt við sveitarfélög eða samfélög þar sem er mjög mikil ferðaþjónusta; mikil umferð ferðamanna á vegum og við fjölsótta ferðamannastaði og skemmtiferðaskip sem ferja þúsundir

manna í land ákveðna daga. Í þeim sveitarfélögum þar sem eru stórar frístundabyggðir, getur íbúafjöldi tvöfaldast yfir sumartímann með tilheyrandi álagi á innviði. Á síðustu árum hefur færst í aukana að störf eru óstaðbundin að hluta eða öllu leyti, og eigendur sumarhúsa eiga því kost á að dvelja mun lengur en áður í húsum sínum enda margir sem sinna vinnu sinni þaðan. Þessir íbúar eru ekki skráðir í sveitarfélaginu og ekki á heilsugæslu viðkomandi svæðis, en leita engu að síður á næstu heilsugæslu þegar þörf er á aðstoð læknis. Þetta eru áskoranir sem HVE er að kljást við s.s. á Snæfellsnesi og í Borgarnesi.

## Menntasjóður

Í Lögum um menntasjóð íslenskra námsmanna nr. 60/2020, VII. kafla er kveðið á um sértækar aðgerðir um sérstaka ívilnun námsgreina í 27. gr. og sérstaka ívilnun námsgreina á sérstökum svæðum í 28. gr. þar sem fram kemur að ráðherra er heimilt að ákveða sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega sem búsettir eru á svæðum skilgreindum í samráði við Byggðastofnun.

Háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytið hefur samþykkt skilgreiningu Byggðastofnunar á svæðum sem heimilt er að auglýsa ívilnanir á, í samræmi við 1. mgr. 28. gr. laganna. Þær starfsstöðvar sem ívilnun gæti tekið til á starfssvæði HVE eru:

- Borgarnes
- Búðardalur
- Grundarfjörður
- Hólmavík
- Hvammstangi
- Ólafsvík
- Stykkishólmur

Skilyrði fyrir beitingu ívilnunar samkvæmt 2. mgr. 28. gr. er að fyrir liggi tillaga frá sveitarfélagi eða sveitarfélögum til stjórnvalda um þörf á menntuðu fólki í byggð sinni.

Með hliðsjón af lagaákvæðinu og fylgigögnum geta sveitarfélög metið þörf á heilbrigðisstarfsfólki á starfsstöð heilbrigðisstofnunar í sínu sveitarfélagi eða fleiri sveitarfélög skoðað þörf innan heilbrigðisumdæmis. Sýni matið að þörf sé á fólki í tilteknum heilbrigðisstéttum á svæðinu gerir 28. gr. ráð fyrir því að sveitarfélag/sveitarfélög geri tillögu til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um beitingu ívilnana til að bregðast við skortinum. Í framhaldinu skal Byggðastofnun í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga leggja mat á mikilvægi þess að bregðast við þeim aðstæðum.

# Sameiginleg verkefni

Jafnvel þótt mönnun og rekstur heilsugæslustöðva sé alfarið á ábyrgð HVE og stjórnvalda, þá er það hagur íbúa sveitarfélaga á starfssvæðinu að vel takist til, enda íbúar þeir sem líða helst ef læknaskortur er til staðar. Því er um sameiginlega hagsmuni að ræða að heilsugæslustöðvar séu vel mannaðar. Á starfssvæði HVE eru dæmi um hversu mikil áhrif ein manneskja sem er starfandi læknir, getur haft ef viðkomandi er með ástríðu fyrir starfinu og leggur mikið á sig til að tala upp

starfið og samfélagið allt. Áhrifin eru þau að viðkomandi tókst að laða fólk til starfa og stöðugleiki komst á í mönnun starfa, svo að eftir er tekið í samfélaginu og ánægja íbúa hefur aukist verulega. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að slík manneskja ráðist til starfa. Því er mikilvægt að allir aðilar leggi sig fram um að vanda umræðu á opinberum vettvangi og leggi sig fram um að fjalla einnig um jákvæða þætti þess að „lifa þægilegu lífi á landsbyggðinni“.

Læknastöður og aðrar stöður s.s. við hjúkrun á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni eiga að vera spennandi starfsvettvangur og sveitarfélögin eru í lykilstöðu til að gera samfélögin að spennandi búsetukosti. Því skiptir máli hvernig umræðu um málefnið er stýrt. Ef umræðan snýst að mestu um fjársveltar stofnanir, læknaskort á ákveðnum svæðum, óbilandi álag á heilbrigðisstarfsfólk, óörugga og óánægða íbúa, mun mönnun áfram verða vandamál.

Neikvæð umræða um heilbrigðisstofnanir getur skapað neikvæða umræðu og ímynd um sveitarfélagið og svæðið sem valkost til búsetu.

Í vinnu hópsins kom berlega í ljós að tengslanet lækna er gott. Því getur verið mikilvægt að leita til þeirra sem þegar eru starfandi á viðkomandi starfsstöðvum, eða hafa góða reynslu af því til að miðla upplýsingum um störfin, stöðvarnar og samfélagið sem um er að ræða.

# Tillögur starfshópsins

- Sveitarfélög á starfssvæði HVE verði upplýst um vinnu starfshópsins og kallað verði eftir staðfestingum frá þeim um þau gæði og þjónustu sem sveitarfélögin eru tilbúin að veita starfsmönnum HVE.
- Sveitarfélögin verði hvött til að taka ákvarðanir um mögulegar skuldbindingar sínar og koma þeim upplýsingum á framfæri við HVE
- HVE verði hvatt til að leggja fram skýra sýn um stefnu og rekstur stofnunarinnar og þær breytingar á rekstri sem stofnunin telur að geti laðað að starfsfólk.
- HVE verði hvatt til að skoða möguleika á breyttu fyrirkomulagi við einmenningsstöður þar sem þær eru í ljósi þess að erfiðast er að manna þær stöður og læknar kjósa að vinna í teymi og með faglegt bakland.
- HVE verði hvatt til að tryggja að starfsaðstaða á heilsugæslustöðvum verði eins góð og mögulegt er m.t.t. tækjabúnaðar og mönnunar. Þó svo að við höfum í þessari greinargerð lagt áherslu á læknastörfin þá skiptir auðvita miklu máli að vel takist til með mönnun allra starfsmanna.
- HVE sinni viðhaldi og umhirðu íbúðarhúsnæðis í eigu stofnunarinnar með viðunandi hætti og að stofnunin bjóði starfsfólki sínu samkeppnishæft húsnæði sem getur laðað að.
- HVE leiti leiða til að draga úr áreiti á lækna s.s. með vaktþjónustu eða fjarþjónustu.
- SSV sendi fyrirspurn til háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins varðandi útfærslu á ívilnunum sem heimilar eru skv. lögum um Menntasjóð og fjármögnun sjóðsins til að standa undir þeim.
- Lagt er til að unnin verði tillaga að tilraunaverkefni innan starfssvæðis HVE þar sem heimild til ívilnunar skv. lögum um menntasjóð verði beitt vegna þeirra starfa þar sem mönnunarvandi er til staðar. Tillagan verði unnin af SSV í samstarfi við HVE og sveitarfélögin sem um ræðir og send ráðherrum heilbrigðismála og háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra með ósk um samstarf og verkefnið.

# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

*Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík*
*Sími: 551 8150  Netfang: skog@skog.is  Vefsíða: www.skog.is*

*Reykjavík 23. október 2024*

***Til sveitarfélaga á Íslandi***
***bt. sveitarstjórnar***

Með bréfi þessu vill stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgja eftir eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið.
Hún er svohljóðandi:

***Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Neskaupstað dagana 30. ágúst – 1. september 2024, hvetur ríki og sveitarfélög til þess að fylgja eftir vörsluskyldu búfjár.***

Það er einlæg ósk Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Samrit: Matvælaráðuneytið

**Kristinn Jónasson**

---

| | |
|---|---|
| **From:** | Gréta Mar Jósepsdóttir <greta.mar.josepsdottir@samband.is> |
